Skýrsla um þróunarverkefnið Bifröst - brú milli heima

Anna Elísa Hreiðarsdóttir

2005

Skýrsla um þróunarverkefnið

Bifröst - brú milli heima

Unnið veturinn 2004-2005 í leikskólanum Iðavelli, Akureyri

Verkefnisstjóri og höfundur skýrslu: Anna Elísa Hreiðarsdóttir

Efnisyfirlit:

Kynning á verkefninu nokkrum tungumálum ... 5
Íslenska ... 5
Danska ... 8
Enska ... 11
1. kafli. Samantekt ... 14
2. kafli. Forsaga ... 16
2.1 Mat á tilraun ... 17
3. kafli. Bifröst ... 19
3.1 Þátttakendur og verkaskipting ... 19
3.2 Markmið ... 19
3.3 Kynning á verkefninu ... 20
4. kafli. September ... 22
4.1 Fyrsti fundur ... 22
4.2. Á Jötunheimi ... 23
4.2.1 Hönnun ... 23
4.3 Á Þrymheimi ... 24
4.3.1 Hönnun ... 25
4.3.2 Tæknimálin ... 26
4.4 Kynning til foreldra ... 27
4.5 Annar fundur ... 27
5. kafli. Október ... 29
5.1 Á Jötunheimi ... 29
5.1.1 Hreyfimyndir á vef ... 29
5.1.2 Skipulag á möppum ... 29
5.2 Á Þrymheimi ... 30
5.3 Þriðji fundur ... 31
6. kafli. Nóvember ... 32
7. kafli. Desember ... 33
8. kafli. Janúar til júní ... 35
8.1 Fjórði fundur ... 35
8.2 Vinnufundur ... 35
9. kafli. Mat á verkefninu ... 38
9.1 Könnun á viðhorfi foreldra í janúar 2005 ... 38
9.1.1 Helstu niðurstöður ... 38
9.1.2 Viðauki við mat ... 39
9.2 Starfsmenn líta um öxl ... 40
9.3 Könnun á viðhorfi foreldra í lok verkefnis ... 41
10. kafli. Niðurstöður ... 43
10.1 Áhrifaþættir ... 43
10.1.1 Tími eða tímaleysi, er þetta hægt? ... 43
10.1.2 Tækniþekking - þekkingarleysi, er það hindrun eða ekki? ... 45
10.1.3 Áhugi kennara og þátttaka eru nógu margir sem vilja? ... 46
10.1.4 Vilji foreldra og áhugi barnanna ... 46
10.2 Grunnforsendur ... 47
10.2.1 Tæknin ... 48
10.2.1.1 Tækni og búnaður ... 49
10.2.1.2 Að minnka myndir ... 49
10.2.1. 2 Nokkur góð ráð ... 51

10.3 Hvernig gekk að ná fram markmiðum? ... 52
10.3.1 Að efla samstarf við foreldra ... 53
10.3.2 Að auka upplýsingastreymi frá leikskóla til fjölskyldu barnsins ... 53
10.3.3 Að gefa foreldrum aukin tækifæri til að fá innsýn í starf barnsins í leikskólanum ... 54
10.3.4 Að gefa kennurum og foreldrum nýja möguleika á samskiptum og samvinnu, með því að skapa foreldrum auknar forsendur og umræðuvettvang um leikskólastarfið ... 55
11. kafli. Lokaorð ... 55
Heimildir ... 57
Fylgiskjöl ... 58
Fylgiskjal 1 Bréf til foreldra að hausti ... 58
Fylgiskjal 2 Mat foreldra í janúar - Niðurstöður ... 60
Fylgiskjal 3 Bréf til foreldra sem undanfari mats í janúar ... 65
Fylgiskjal 4 Mat starfsmanna í janúar - Eyðublað ... 66
Fylgiskjal 5 Mat foreldra í lok verkefnis - Niðurstöður ... 67
Fylgiskjal 6 Mat foreldra á tilraun veturinn 2003-2004 ... 70
Fylgiskjal 7 Sýnishorn af forsíðu Jötunheims ... 71
Fylgiskjal 8 Sýnishorn af síðu barns ... 72

Kynning á verkefninu nokkrum tungumálum

Íslenska

Við ætlum að kynna fyrir ykkur þróunarverkefnið Bifröst - Brú milli heima. Farið verður nokkuð hratt yfir sögu en við skulum byrja á að kynnast leikskólanum aðeins.

Leikskólinn Iðavöllur er með fjórar aldurskiptar deildir, hann er staðsettur nálægt sjónum, rétt við miðbæinn og daglega fljúga margar flugvélar yfir skólalóðina á leið á til eða frá flugvellinum

Kennarar vilja að jákvæð sýn á menn og málefni sé höfð að leiðarljósi. Þeir trúa að allir hafi sitt til brunns að bera og það mótar starfið.

Foreldrasamstarf er einn af hornsteinum leikskólans og er það fullvissa kennara að það sé grunnurinn að farsælu skólastarfi.

Lögð er áhersla á fjölbreytt samstarf svo fjölskyldur barnanna geti valið sér þær leiðir sem henta hverri og einni

Kennarar vilja treysta börnunum til að bera ábyrgð, á sjálfum sér og verkum sínum.

Farið er í ævintýra og hættuferðir og tímamörkin eru víð svo ekki þarf að reka á eftir eða flýta sér.

Kennarar vilja að börnin fái að gera sjálf og taka þátt í því sem þarf að gera í leikskólanum. Þau eru hvött til sjálfshjálpar og sjálfstæðis

Gefið er svigrúm til að vinna í friði og ró, stundum einn, stundum með litlum og stórum hópum. Börnin eru markvisst hvött til sjálfsaga og og vandaðra vinnubragða

Því má þó ekki gleyma að mikilvægast af öllu er að skemmta sér og njóta lífsins og því má segja að mátulegt kæruleysi sé hluti af starfslýsingum kennara

Starfið byggir á hæfileikum og áhuga einstaklinganna, það sem er áberandi núna verður ekki endilega það sem er efst á baugi eftir hálft ár

Kennarar hafa hannað sérstaka bók, **Völuskrín**, til að halda utan um líðan og störf barnsins. Þar er lögð áhersla á jákvæða þætti og það sem barnið kann og getur.

Í samstarfi við foreldra er lögð áhersla á gagnkvæmt upplýsingaflæði með hag barnsins að leiðarljósi m.a. í daglegum samskiptum og samtölum. Fundnar eru leiðir til að auðvelda foreldrum aðgengi að skólastarfinu og leitast eftir að fá aðstoð foreldra við skólastarfið beint og óbeint.

Leikskólinn hefur lagt áherslu á notkun tölva og tækni í skólastarfinu frá árinu 1998 og meðal annars er haldið úti viðamiklum heimasíðum fyrir mismunandi hópa foreldra t.d. útlendinga.

Flestir foreldrar hafa aðgang að tölvu heima fyrir eða í vinnu en fyrir aðra er nettengd tölva í miðrými skólans þar sem þeir geta skoðað heimasíðu skólans

Það var í þessu umhverfi sem þróunarverkefnið **Bifröst-brú milli heima** varð til.

Í upphafi var Bifröst unnið á tveimur eldri deildum leikskólans, **Jötunheimi** og **Þrymheimi** og tilgangurinn sá að efla tengslin við foreldra. Útbúnar voru heimasíður fyrir hvert barn, um 50 síður sem voru undirsíður á heimasíðum deildanna. Aðeins þarf að smella á mynd viðkomandi barns og þá opnast síðan.

Leikskólinn hefur undanfarin sex ár unnið þróunarstarf með tölvur og tækni, því liggja fyrir leyfi allra foreldra til að birta skráningar og myndir á vef.

Sérhver inniheldur óformlegar upplýsingar um barn og gefur svigrúm til að setja fram myndir úr lífi og leik, texta svo sem gullkorn, frásagnir, viðtöl eða sögur ofl.

Kveikja að verkefninu var áhugi kennara á að koma litlu andartökunum sem þeir verða gjarnan vitni að, til foreldra, hversdagslegum atburðum sem þeir telja að hafi hingað til ekki skilað sér nægilega heim.

Þegar börnin hætta í leikskólanum eru vefirnir skrifaðir á diska fyrir fjölskylduna til eignar og síðan er þeim eytt úr tölvunum.

Markmið með Bifröst:

- Að efla samstarf við foreldra.
- Að auka upplýsingastreymi frá leikskóla til fjölskyldu barnsins
- Að gefa foreldrum aukin tækifæri til að fá innsýn í starf barnsins í leikskólanum
- Að efla áherslu á sterkar hliðar barnsins og jákvæða þætti
- Að gefa kennurum og foreldrum nýja möguleika á samskiptum, umræðum og samvinnu. Með því að skapa foreldrum auknar forsendur og umræðuvettvang um leikskólastarfið

Vefirnir gefa kennurum og foreldrum tækifæri til að velja sér þann tíma sem hentar hvorum um sig til að vinna/skoða þá, auk þess sem þeir geta haldið utan um skráningar, verkefni og feril barnsins.

Verkefnið tók til ársins 2004-2005 en nú hefur verið ákveðið að halda því áfram fyrir öll börn í leikskólanum svo fremi sem forelrar hafa ekki á móti því.

Mat:

Fyrstu tveir mánuðirnir voru starfsfólki erfiðir því margt þurfti að læra en eftir það komst vinnan upp í vana. Kennarar spurðu sig margra spurninga

Tími, er þetta hægt á venjulegum degi?
Ávinningur, borgar þetta sig?
Tækniþekking, hve miklu skiptir tækniþekking kennara?
Áhugi, eru nógu margir starfsmenn sem vilja?
Vilji, hafa foreldrar og börnin áhuga?

Kennarar telja að Bifröst borgi sig þó að hún taki tíma. Það eru samt nokkrar forsendur sem þarf að gæta að:

- Fjöldi heimasíðna á hvern kennara sé takmarkaður (ekki fleiri en 10)
- Á deildinni sé starfræn myndavél
- Á deildinni sé nettengd tölva með vefsíðuforriti, myndvinnsluforriti og myndaskoðara
- Að foreldrar taki þátt í verkefninu

Og ef einhver er að hugsa um hve mikinn tíma við notuðum þá má nefna að starfsmenn telja að 2-4 klukkutímar á mánuði eru nóg til að sinna verkefninu

Í mati í janúar voru 90% foreldra ánægðir eða mjög ánægðir með verkefnið og hvatti það kennara til að halda verkefninu áfram en einnig voru þeir búnir að sjá að:

- verkefnið gaf ótal tækifæri til samræðna við fjölskyldur barnanna.
- það skerpir sýn á sterkar hliðar og jákvæða þætti.
- það kallar á jafna umfjöllun um öll börn, líka þau sem erfiðara er að sjá framfarir og jákvæð atriði hjá.
- það gerir kennara meðvitaða um að taka myndir og veita öllum börnum athygli.
- það dregur fram atriði sem annars geta horfið í skuggann
- það geymir "sannanir" um sigra og stórar stundir.
- umferð um heimasíður leikskólans og deilda jókst
- notkun tölvupóst og gestabóka jókst

Skýrsla er birt á vef leikskólans: http://idavollur.akureyri.is/bifrost/index.html

Danska

(Þýtt af Gretu Benjamínsdóttur)

Vi vil fortælle lidt om udviklingsprojektet Bifröst og høre om børnehaven Iðavöllur hvor projektet startede.

Børnehaven Iðavöllur har fire aldersfordelte stuer.
Børnehaven er i en af de ældste deler af byen, i nærheden af havet og også kort fra centrum. Hver dag kan vi se mange flyvemaskiner på vej til eller fra lufthavnen.

I vores arbejde synes vi at et af det vigtigste er at se positivt på hinanden og på vores omgivelser. Vi tror at alle har sine stærke sider og noget at bidrage med i vores dagligdag og det præger vores arbejde.

Vi lægger stor vægt på forældresamarbejde og er sikre på at det er grundlaget til en god børnehave. Vi vil gerne se mange slags forældresamarbejde så alle kan finde og deltage i det som passer dem.

Vi synes det er vigtigt at have tiltro til at børnene kan tage ansvar for sig selv og sit arbejde. Vi tager på ture, både korte og lange, og vi vil gerne have god tid så vi ikke behøver at skynde os.

Vi vil at børnene har lov til at “lave selv” og deltage i det som sker i børnehaven. Vi opfordrer dem til at hjælpe sig selv og være selvstændige.

Børnene skal have arbejdsro, alene eller i mindre/større grupper. De bliver opfordrede til selvdisiplin, til at gøre sig umage og til at lære gode arbejdmetoder

Men først og fremmest skal vi have det sjovt og nyde livet. Vi skal have lov til at slappe lidt af og have det hyggeligt sammen.

Arbejdet bygger på det enkelte barns talenter og interesse. Det som vi arbejder med i øjeblikket bliver måske ikke aktuelt om et halvt år.

Völuskrín er en bog som lærerne har lavet til opbevaring af oplysninger om børnene. Der fokuserer vi på positive ting og de ting som børnene kan og behersker.

I børnehaven er fokus på gensidigt forældresamarbejde bl.a. i dagligdags samtaler. Forældrene skal have adgang til børnehaven og vi vil gerne se at de deltager i vores arbejde.

Siden 1998 har vi lagt vægt på at bruge komputere og følgende redskaber. Vi har havt stor hjemmeside til forskellige grupper forældre, bl.a. udlændinger.

De fleste forældrer har, enten hjemme eller på arbejde, adgang til en komputer. Til dem som ikke har det er der i børnehaven en komputer som de har adgang til.

Det var lidt om de omgivelser hvor **Bifröst** startede.

I begyndelsen var Bifröst på de to ældste stuer og formålet var at opnå en bedre kontakt med forældrene. Der var lavet en webside til hvert enkelt barn ca. 50 sider og de var undersider til stuernes hjemmesider.

De sidste 6 år har vi havt i gang et udviklingsprojekt med komputere og derfor har vi, fra alle forældre, en underskreven tilladelse til at bruge fotos og dokumentation på vores websider.

Alle siderne indeholder uformelle oplysninger om børnene, fotos og tekst, interviewer og historier som børnene fortæller eller opdigter

Begyndelsen til projektet var at lærerene ville vidergive til forældrene de dagligdags hændelser som de ellers ikke ville høre om.

Når børnene holder op i børnehaven bliver deres websider skrevet på en cd som børnene beholder. Derefter bliver disse websider smidt ud af komputeren.

Formålet med Bifröst:

- At forøge samarbejdet med forældrene
- At forøge gensidige oplysninger mellem børnehaven og hjemmet
- At give forældrene bedre muligheder til at se hvad vi laver i hverdagen
- At fokusere på barnets stærke sider og positive ting
- At give lærerne og forældrene et grundlag til at arbejde sammen og til at snakke om arbejdet og børnehaven.

Med websiderne har forældrene og lærerene en mulighed for at bruge den tid der passer bedst når de vil arbejde/se på siderne og desuden har de overblik over dokumentationer og barnets opgaver.

Projektet var i gang 2004-2005 men nu har vi bestemt os til af fortsætte i hele børnehaven såvidt forældrene ikke har noget imod det.

Evaluering

De to første måneder var arbejdet med Bifrøst meget stort men lidt efter lidt blev det til et rutinearbejde. Der var mange ting lærerne skulle svare på:

Tid, kan man det i dagligdagen?
Udbytte, er det det værd?
Teknisk viden og kunnen, hvor stor rolle spiller det?
Interesse, er der nok interesse blandt personalet?
Vilje, er børnene og forældrene interesserede?

Lærerene synes at selv om Bifrøst tager tid så er det umagen værd. Men alligevel er der nogle ting vi skal tage hensyn til:

- Begrænset antal hjemmesider som hver lærer har ansvar for, ikke flere end 10
- På stuen skal være digital kamera
- På stuen skal være internetkomputer med program til at lave hjemmesider og arbejde med fotos
- At forældre deltager i projektet

Hvis nogen har tænkt på hvor megen tid vi brugte til projektet kan vi oplyse at 2-4 timer om måneden er nok.

Når vi evaluerede projektet i januar var 90% af forældrene tilfredse eller meget tilfredse. Det opfordrede os til at fortsætte men nu havde vi også fundet ud af nogle ting:

- projektet gav os mange lejligheder til at snakke med børnenes familiemedlemmer
- det fokuserer på og fremhæver stærke sider og positive ting
- det kræver at vi bliver bevidste om at alle børnene får vores opmærksomhed, også de børn hvor vi har svært ved at se fremskrid
- det fremhæver ting som ellers ville gå tabt
- det opbevarer "beviser" om sejre og store momenter
- brug af børnehavens hjemmesider blev meget forøget
- brug af netpost og netgæstebøger blev forøget

En rapport om projektet er på børnehavens hjemmeside:
http://idavollur.akureyri.is/bifrost/index.html

Enska

(Þýtt af Kristlaugu Svavarsdóttur)

This is an introductions to the project Bifröst-bridge between worlds. We start by telling you about the preschool a little.

Preschool Iðavöllur is divided into 4 classes, each with one age group. It is situated near the sea and also near the airport. Each day we see airplanes fly over our school.

The teachers want to use a positive view on people and issues to guide them in daily work. They believe that everyone has something special to bring to the school and this shapes our curriculum and all our work at school.

Cooperation with the parents is one of the schools corner stone and the teachers are convinced that it is the foundation to a successful preschool.

We emphasize diverse cooperation so that children's families can choose a way that suits them.

The teachers trust the children to be responsible for them self's and their own work. Children go on adventure and danger trips and time limits are wide so they don't have to rush.

The teachers want that the children can do things for them selves and take part in what has to be done in the preschool every day. Children are encouraged to self help and independence.

Children are given space to work in peace and quiet, sometimes alone, sometimes in little or big groups. Children are encouraged to self discipline and good working methods.

One must not forget the most important of all and that is to have fun and enjoy life and therefore you could say that a suitable portion of carelessness is a part of the teacher's job description.

The schoolwork is built on individual talents and interests, that is to say, things that are prominent now may not be so in six months.

The teachers have designed a special book, **Völuskrín,** to keep track of child's work and condition at school. The emphasis is on positive things and views and what it is that the child can do and knows. (Völuskrín is an Old Icelandic word for toy chest)

In cooperation with the parents we emphasize mutual flow of information's having child's best interest in focus using daily interaction and conversations. We find ways to make parents access to preschool easier and we try to get parents help direct and indirect.

Since 1998 preschool Iðavöllur has had emphasis on computers in school work and among other things teachers made different kinds of web pages.

Most parents have access to computers and internet at home or at work but for those that don't, there is a computer at the preschool they can use to look at the schools web pages.

It was in this environment that project **Bifröst-bridge between worlds** originated.

In the start Bifröst was worked upon in the 2 classes with 4 and 5 year old children in Iðavöllur, **Jötunheimur** and **Þrymheimur** and the purpose was to strengthen the cooperation with the parents. There were set up around 50 pages, one for each child. Those web pages were accessed from classes' main websites. One has just to click on a child's photo to access each website.

The preschool has for the last six years worked with computer and technology; therefore we have permission from all the parents to publish photos and text on the schools home pages.

Each website holds informal information's about the child, photos, interviews, story's and maybe some "golden" comments from the child.

The starting point for this project was that teachers often talk about these little precious daily events and golden moments that the teachers witness and sometimes don't get across to the parents.

When the children quit the preschool the web pages are saved to a computer disc and the child and family then owns the cd.

The main goals of Bifröst are:

- To strengthen cooperation with the parents
- To increase the flow of information from the school to the child's family
- To give parents more opportunity to get insight into child's work at preschool.
- To emphasize child's strongest sides and positives aspects.
- To give teachers and parents new possibilities to communicate, to discuss and to cooperate. By creating a kind of forum in and around the preschool.

The web pages give teachers and parent's opportunity to choose the best time for them to work at /look at the pages. Also the pages can be a kind of diary, keeping track of a child's work.

The project was intended for the year 2004-2005 but now the teachers have decided to go on with the project and this time for all the children in the school, as long as the parents agree.

Evaluation

The first two months were difficult for the staff because there were lots of new things to learn but after that the work became more of a rutine. The teachers asked them self's many questions.

Time, is this possible in an ordinary day?
Gain, does it pay off?
Technical knowledge, how important is that?
Interest, how many teachers are interested?
Intention, are parents and children interested?

The teachers are convinced that Bifröst pays off even if it takes time. There are some issues that you have to watch out for:

- Each teacher must not have more than 10 web pages to work on.
- Each class must have a digital camera

- Each class must have internet connected computer with software to make web pages and photo editing software.
- Parents must be part of the project

And if someone is wondering how much time the teachers used working on the project, they estimated that 2-4 hours a month are enough .

In the evaluation that took place in January 2005, 90% of the parents were satisfied or very satisfied with the project. That encouraged the teachers to go on but they had also seen that:

- The project was creating various opportunities to have conversations with the children's families
- The project sharpens the sight on strong sides and positive aspects.
- It calls for equal discussion of all the children, also those whose progress and positive sides are more difficult to see.
- It makes the teachers more conscious about taking photos and giving all the children attention
- The project brings forward things that otherwise would have vanished into the shadow.
- The project holds "proof" of little victory's and big moments
- The traffic on the schools and class web pages increased a lot
- The use of email and web guest books increased.

The report is published on the preschools website: http://idavollur.akureyri.is/bifrost/index.html

1. kafli. Samantekt

Í leikskólanum Iðavelli (http://www.idavollur.akureyri.is/) er jákvæð sýn á menn og málefni höfð að leiðarljósi. Sú trú að allir hafi sitt til brunns að bera mótar starfið. Foreldrasamstarf er einn af hornsteinum leikskólans og er það fullvissa kennara að það sé grunnurinn að farsælu skólastarfi. Lögð er áhersla á fjölbreytt samstarf með það að markmiði að gefa fjölskyldum barnanna aukna möguleika á að velja sér þær leiðir til samstarfs við skólann sem hentar hverjum og einum. Haldið er úti viðamiklum heimasíðum fyrir mismunandi hópa foreldra (erlenda, burtflutta, sjómenn ofl.) og lögð áhersla á gagnkvæmt upplýsingaflæði með hag barnsins að leiðarljósi, meðal annars í daglegum samskiptum og samtölum. Fundnar eru leiðir til að auðvelda foreldrum aðgengi að skólastarfinu og leitast eftir að fá aðstoð foreldra við skólastarfið beint og óbeint. Ein af þessum leiðum er verkefnið Bifröst - brú milli heima en því er meðal annars ætlað að efla tengsl við foreldra barnanna. Einnig að skerpa sýn kennara á sterkar hliðar barnanna og er það mjög í takt við vilja kennara til að leitast við að leggja áherslu á sterkar hliðar og áhugamál hvers og eins.

Í leikskólanum eru fjórar aldurshreinar deildir og verkefnið fólst í að settar voru upp heimasíður fyrir hvert barn á deildum fjögurra og fimm ára barna (rúmlega 50 vefir). Þær voru staðsettar sem undirvefir á heimasíðum deildanna og skiptu þrír kennarar á hvorri deild vinnunni á milli sín. Leikskólinn hefur unnið að þróunarstarfi með tölvur og tækni frá árinu 1998 og því liggja fyrir leyfi allra foreldra til að birta myndir og skráningar á vef og verkefnið fellur einkar vel að áherslunni á að nýta tæknina í skólastarfinu. Sérhver síða inniheldur óformlegar upplýsingar um barn og gefur svigrúm til að setja fram myndir úr lífi og leik, texta svo sem gullkorn, frásagnir, viðtöl eða sögur og fleira. Einn af kostum verkefnisins er að það gefur kennurum og foreldrum tækifæri til að velja sér þann tíma sem hentar hverjum og einum til að vinna og skoða síðurnar, auk þess sem þær geta haldið utan um skráningar, verkefni og feril barnsins að einhverju leyti.

Kveikjan að verkefninu var áhugi kennara á að koma litlu andartökunum sem þeir verða gjarnan vitni að til foreldra. Hversdagslegum atvikum sem þeir telja að hafi hingað til ekki skilað sér nægilega heim.Tilgangurinn var að gefa heildarsýn á leikskólavist barnsins, veita foreldrum innsýn í hvernig kennarar sjá barnið en ekki síður finna grundvöll til að benda á sterkar hliðar, skemmtileg persónueinkenni og mannkosti svo fátt eitt sé nefnt. Vinnuferlið hófst í vetrarbyrjun árið 2004 en þá voru útbúnar heimasíður fyrir börnin og síðan fólst aðalvinnan í að uppfæra þær reglulega. Að vori voru heimasíður og myndamöppur vistaðar á diska sem fjölskyldan fékk til

eignar. Samkvæmt könnun sem gerð var meðal foreldra leikskólans höfðu flestir foreldrar aðgang að tölvu heima fyrir eða í vinnu sinni en fyrir hina er nettengd tölva í miðrými skólans þar sem allir geta komist á netið og skoðað heimasíðu skólans eða kíkt á vef barnanna. Verkefnið var metið um mitt skólaár og aftur í lokin af þátttakendum, foreldrum, kennurum og börnum. Verkefnið þótti takast vel og markmið náðust með ágætum en einnig komu fram kostir sem ekki voru fyrirséðir í upphafi. Því telja kennarar að Bifröst sé komin til að vera.

Hér fyrir neðan má finna upplýsingar um þróunverkefnið sem fékk heitið Bifröst, brú milli heima, en nafnið er sótt í goðafræðina sem og aðrar nafngiftir sem eru notaðar í leikskólanum. Verkefnið er unnið á Þrymheimi og Jötunheimi en það eru deildir fjögurra og fimm ára barna. Verkáætlun tók til vetrarins 2004-2005 og skýrslan varð til jafnóðum á þessum vef. Hún var sett upp í tímaröð sem gerir lesandanum auðveldara að sjá þróun og fylgjast með erfiðleikum, sigrum og umræðum í réttu samhengi.

Á forsíðu verkefnisins eru tenglar sem heita: Jötnheimur og Þrymheimur, þar má skoða síður barnanna: http://idavollur.akureyri.is/bifrost/index.html

2. kafli. Forsaga

Forsögu Bifrastar má rekja inn á Jötunheim, deild elstu barnanna á Iðavelli. Haustið 2003 voru allir kennararnir þrír á deildinni að koma upp vefsíðum hver fyrir sinn hóp og þegar leið á haustið vildi Anna Elísa Hreiðarsdóttir gera tilraun með að gera sérstaka vefsíðu fyrir hvert barn. Mjög fljótt fóru Greta Benjamínsdóttir og Sigurbjörg Ósk Sigurðardóttir einnig að gera síður fyrir sín börn og kennararnir þrír skiptu hópnum á milli sín og bar hver ábyrgð á skráningu fyrir einn hóp sem taldi á bilinu sjö til tíu börn. Þar af sá leiðbeinandi um fámennan hóp barna af tveim deildum og kom hann sér ekki að því að gera síður fyrir sinn hóp. Með þessu var búið að takmarka barnafjöldann nægilega til að það væri vinnandi vegur fyrir kennarana að sinna verkefni sem þessu.

Í meðförum þessara þriggja þróaðist verkefnið og hugmyndin varð skýrari. Tilgangurinn með verkinu var sá að gefa foreldrum gleggri upplýsingar um það hvaða augum kennarinn lítur barnið og strax var sammæli um að á síðunum væri jákvæð umfjöllun þar sem sterkir þættir væru dregnir fram, auk þess sem sigrar og sérstakir atburðir í lífi barnsins ættu þar heima. Síðurnar vildu kennarar hafa myndrænar og var stafræn ljósmyndavél deildarinnar óspart notuð. Allir framantaldir þættir endurspegla námskrá skólans, það er leitast var við að hafa jákvæða sýn að leiðarljósi og lögð var áhersla á myndræna úrvinnslu í stað texta í takt við margmenningarverkefni sem rétt var að ljúka. Myndræn vinnsla er með þann tilgang helstan að fleiri geti notið efnisins. Að síðustu má nefna að strax var horft til þess að síðurnar myndu auka foreldrasamstarf en það er ein af stoðunum í starfi skólans.

Þó að markmið allra kennara væru hin sömu drógu síðurnar dám af þeim sem að þeim vann. Þannig útbjuggu Ósk og Greta verkefni sem kalla má, Dagur í leikskólanum en Anna Elísa steig fyrstu skrefin til að fá börnin til að setja sitt mark á síðurnar. Umfjöllun og viðfangsefni réðst síðan að miklu leyti á persónuleika barnsins.

2.1 Mat á tilraun

Í fyrstu voru síðurnar hálffaldar undir öðrum síðum og nokkur krókaleið að finna þær. Það var gert viljandi enda um tilraun að ræða sem ekki var útséð um hvernig foreldrum litist á. Í foreldraviðtölum og fréttabréfum var foreldrum kynnt málið og vísað á síðurnar með beiðni um að segja sitt álit skýrt og skorinort. Ekki bárust athugasemdir við efnistök og heldur ekki þó fjögur barnanna væru ekki með síður.

Að vori, þegar starf deildarinnar var metið, var sérstök spurning um hug foreldra til þessarar tilraunar enda útséð um það þá að verkefnið myndi halda áfram og verða að þróunarverkefni næsta ár. Þar lýstu foreldrar ánægju sinni með síðurnar og sumir viðurkenndu að hafa verið beggja blands fyrst í stað. Niðurstöður þessa mats fylgja mati á verkefninu en helstu atriði voru:

- að barnahópnum sé skipt í viðráðanlega stærð fyrir hvern kennara, hámark 10 börn á mann
- að á deildinni sé nettengd tölva með vefsíðuforriti, myndvinnsluforriti og myndaskoðara
- að á deildinni sé stafræn myndavél
- að allir kennararnir séu sem mest sjálfbjarga við vefsíðugerðina, þó samhjálp og aðstoð megi aldrei vera langt undan
- að tilgangurinn sé skýr og sameiginlegur
- að foreldrar taki vel í verkefnið
- að hafa við höndina skýrar tölvuleiðbeiningar, helst heimatilbúnar og aðlagaðar

Að finna fjársjóð með hjálp málmleitartækis og korts

Blöðrufjör

3. kafli. Bifröst

Skólastjórnendur ákváðu að sækja um þróunarstyrk til Þróunarsjóðs leikskóla til að ýta verkefninu betur úr vör og færa það um leið yfir á Þrymheim, deild fjögurra ára barna. Menntamálaráðuneytið veitti styrk að upphæð 500.000 og málið var lagt í bið yfir sumarið en kennarar notuðu rólega daga til að huga að undirbúningi fyrir verkefnið. Eins og áður hefur komið fram er Bifröst nátengd námskrá skólans. Þetta er verkefni sem snýst um foreldrasamstarf en það er einmitt ein af aðaláherslum skólans. Verkefnið krefst tækniþekkingar og tölvueignar en þar stendur skólinn vel að vígi og hefur unnið með tölvur og tækni í skólastarfi frá árinu 1998. Verkefnið er einnig afsprengi af viðleitni kennara til að horfa á jákvæða þætti og hafa sterkar hliðar barnanna að leiðarljósi í lífi og leik.

3.1 Þátttakendur og verkaskipting

Ábyrgðaraðili: Kristlaug Svavarsdóttir leikskólastjóri
Umsjón á Jötunheimi og verkefnisstjórn: Anna Elísa Hreiðarsdóttir deildarstjóri á Jötunheimi
Umsjón á Þrymheimi og tæknileg umsjón verkefnis: Arnar Yngvason deildarstjóri á Þrymheimi
Að auki unnu Greta Benjamínsdóttir og Sigurbjörg Ósk Sigurðardóttir að verkefninu á Jötunheimi og Anna Lilja Sævarsdóttir og Guðrún Ósk Stefánsdóttir á Þrymheimi en þátttakendur eru allir leikskólakennarar. Skólastjórar komu að fundum og mati. Vegna sérstakra ástæðna æxluðust mál þannig á Þrymheimi að þroskaþjálfinn Anna Kristín Árnadóttir tók að sér heimasíðu barnsins sem hún sér um og leiðbeinandinn Ólöf Kristín Stefánsdóttir sá um síður fjögurra barna, en hún baðst undan verkinu um mitt tímabilið og Arnar tók við hennar síðum.

3.2Markmið

Bifröst varð til í nánum tengslum við þróunarstarf með tölvur og tækni, nátengt markmiðum skólans um foreldrasamstarf og aðferðafræði skólans og hugmyndafræði sem sett eru fram í skólanámskrá. Markmið verkefnis falla algerlega að öðru skólastarfi, áherslum og þróunarverkefnum. Sett voru fram fimm markmið, fjögur tengdust foreldrasamstarfi og eitt nátengt þeirri áherslu að horfa fyrst og fremst á sterkar hliðar og jákvæða þætti. Markmiðin voru:

- Að efla samstarf við foreldra.
- Að auka upplýsingastreymi frá leikskóla til fjölskyldu barnsins
- Að gefa foreldrum aukin tækifæri til að fá innsýn í starf barnsins í leikskólanum
- Að efla áherslu á sterkar hliðar barnsins og jákvæða þætti
- Að gefa kennurum og foreldrum nýja möguleika á samskiptum, umræðum og samvinnu, með því að skapa foreldrum auknar forsendur og umræðuvettvang um leikskólastarfið.
-

3.3 Kynning á verkefninu

Það gáfust fjölmörg tækifæri til að kynna verkefnið, bæði fyrir stærri og minni hópum. Í upphafi var áherslan lögð á foreldra barna á Iðavelli, fyrst þá sem áttu börn á deildunum tveimur þar sem verkefnið var unnið. Á kynningarfundi hvorrar deildar í byrjun september var verkefnið kynnt og falast eftir viðbögðum foreldra. Foreldrar tveggja barna sem áttu síður í tilrauninni árið áður sögðu frá reynslu sinni og mikið var spurt og spjallað. Hljóðið í fólki var nokkuð gott og engin lét í ljós áhyggjum sem ekki var hægt að ræða um og létta af fólki. Ákveðið var að þeir sem vildu vera með töluðu við kennara á næstu dögum en ef einhver hefði ekki áhuga þyrfti sá hinn sami ekkert að hugsa um það meira. Með þessu vildum við koma í veg fyrir að einhver sæi sig tilneyddan að taka þátt. Allir foreldrar lýstu áhuga sínum og samþykki á næstu dögum eftir fundina. Það vakti athygli kennara að foreldrar vildu ekki að síðurnar yrðu læstar eða faldar og engin reifaði áhyggjur af því að síðurnar mætti nota með vafasömum hætti. Á aðalfundi foreldrafélagsins var tækifærið notað til að segja öðrum foreldrum frá. Verkefnið var einnig til umræðu á starfsmannfundum reglulega svo allir gætu fylgst með.

Eftir vel unnið verk í eldhúsinu

Á sjó...

Verkefnið var kynnt á UT 2004 og á Námsstefnu Skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri og Skóladeildar Akureyrarbæjar 2005. Við bæði tækifærin komu fyrirspurnir um hví vefirnir væru opnir öllum, og hvort ekki væri hætta á misnotkun vafasamra manna. Fyrri spurningin er í raun einföld í meðförum, tilgangur verkefnisins er sá að stórfjölskyldan geti notað vefina og það næst best fram með því að hafa þá opna. Einnig hafði komið á daginn að það eru margir sem nýta sér vefina til gagns og gamans. Má þar nefna aðrar fjölskyldur í leikskólanum, starfsmenn allra deilda og fleiri sem að uppeldi og menntun barnanna koma. Þetta hefði ekki gerst ef vefirnir væru lokaðir. Sterkustu rökin eru þó sú að á meðan að foreldrum finnst í lagi að hafa þá opna þá verða þeir það. Hvað varðar síðari athugasemdina þá viljum við ekki láta ótta stjórna starfi okkar og vitum einnig að vefurinn er ekki eina aðgengi ókunnugra að skólanum. Ef byrgja ætti alla brunna þyrfti að finna mörg brunnlok. Daglega koma sendlar, póstburðarfólk, blaðberar og ýmsir aðrir ókunnugir í skólann, vikulega eru barnahópar á faraldsfæti um borg og bæ, oft eru uppákomur þar sem gestir koma í heimsókn auk þess sem hver og einn getur komið að girðingum skólans eða horft á leikvöllinn um glugga í nágrannahúsi. Efasemdir hafa ekki komið upp í starfsmannahópnum á Iðavelli en aðrir kennarar hafa gjarnan spurt þessarar spurningar.

Verkefnið varð einnig efni vinnusmiðju á Norrænni ráðstefnu í Randers í Danmörku haustið 2005. Það er ráðstefna fyrir kennara í vinabæjum Akureyrar sem eru Randers í Danmörku, Álasund í Noregi og Vesterås í Svíþjóð.

Eins og komið hefur fram er Bifröst verkefni á vef og skýrslan er einnig birt á vefnum. Verkefnið er því aðgengilegt fyrir þá sem hafa aðgang að netinu.

Bifröst komst inn í 100 liða úrslit í ELearning Awards keppninni 2004 og þar með fékk verkefnið umfjöllun og aukna skoðun

4. kafli. September

4.1 Fyrsti fundur

9. ágúst var haldinn fundur um Bifröst, mættir voru leikskólastjóri og ábyrgðarmaður Kristlaug Svavarsdóttir, umsjónarmenn á Jötunheimi og Þrymheimi, Anna Elísa og Arnar, ásamt tveimur kennurum af hvorri deild, Ósk, Gretu, Guðrúnu og Önnu Lilju. Kristlaug fór yfir umsóknina til upprifjunar og síðan ræddu menn saman og viðruðu hugmyndir sínar. Það sem var efst á baugi var hverju ætti að stýra og hverju ekki, hvað þyrfti að samræma á milli deilda og kennara, hvað ætti að vera eins og hvað ekki. Í samræmi við mannauðsstefnu skólans og áherslu á faglegt svigrúm var ákveðið að sjá hverju fram yndi og setja ekki reglur né viðmið önnur en þau sem í almennri skynsemi fælist. Þó voru kennarar sammála um að stefna á að setja inn á síðurnar mánaðarlega og sjá hvort það væri raunhæft markmið.
Niðurstöður voru:

- að Arnar tæki að sér tækniráðgjöf og aðstoð eftir þörfum
- að Anna Elísa tæki að sér faglega ábyrgð á verkinu
- að skýrsla um verkefnið yrði vefur
- að vefirnir ættu að vera ólíkir
- að vistunartími barns hafi áhrif á magn á vefsíðu viðkomandi
- að skrá dag í lífi barns væri sniðug leið
- að hefja skráningu á skýrslu strax og láta hana verða til jafnhliða verkefninu
- að setja á blað helstu væntingar til foreldra, til að skýra ritstjórahlutverk þeirra. Foreldrum voru svo afhentar þessar skýringar á kynningarfundum deildanna í byrjun september
- að gefa hverjum og einum sem að verkinu kemur eina klukkusund á viku til að vinna að Bifröst

Anna Elísa bað alla að halda dagbók um verkefnið og setja í hana allar athugsemdir foreldra sem og umræður, hugmyndir, vandamál og jákvæða þætti sem upp koma.

Svo tóku kennarar til við verkefnið hver með sínum hætti. Nokkuð var misjafnt hvaða tækniþekkingu og reynslu hópurinn hafði og þeir sem kunnu bjuggu til einfaldar, skref fyrir skref leiðbeiningar, til að styðjast við í upphafi. Fyrstu leiðbeiningarnar voru um hvernig á að hlaða inn myndum. Næstu snerust um að skipuleggja myndamöppur og flokka myndir á rétta staði. Þá voru

gerðar leiðbeiningar um hvernig minnka á myndir og hvernig á að opna vefinn og segja inn texta og myndir en fljótlega þurfti að bæta við blaði um hvernig búin er til ný síða og hún tengd við vefinn. Þessar leiðbeiningar gerðu kennara sjálfbjarga og voru mikill stuðningur.

Hver kennari þurfti að ákveða hvernig hann nálgaðist verkið, hvað hann vildi leggja áherslu á, hvernig hann vildi tengja saman síður, hve áberandi hann vildi sjálfur vera í verkefninu og fleira þurfti að skoða. Það kom strax í ljós þarna á fyrstu skrefunum að kennarar á hvorri deild fyrir sig myndu tala mikið saman um verkefnið, læra hver af öðrum, spjalla um börnin, tæknina, stuðning og viðbrögð foreldra og í raun ótal hluti sem komu upp. Hvatning og stuðningur samkennara var ómetanlegur og kennarar fundu fljótt að þó ekki væri nema fyrir það þá myndu þeir græða mikið á þátttöku í verkefninu.

Strax var rætt um að síðurnar mættu þróast í ólíkar áttir og að deildirnar myndu hugsanlega vinna verkefnið að einhverju leyti ólíkt. Því er rétt að segja frá hvernig fór á hvorri deild fyrir sig.

4.2. Á Jötunheimi

Í ágústbyrjun var tilbúinn grunnur að síðum barna á Jötunheimi en að auki síður fyrir hvern kennara þar sem hann gæti kynnt sig stuttlega og sagt frá því sem hann tæki sér fyrir hendur um veturinn með börnunum, bæði sínum börnum og öðrum. Þessi viðbót varð til næstum óvart. Þegar kennarar á Jötunheimi ræddu um hvernig og hvar síðurnar væru best geymdar ákváðu þeir að hafa þær á forsíðu deildarinnar svo áhugasamir þyrftu ekki að grafa sig inn í vefinn til að finna þær. Í framhaldi af því ákváðu þeir að setja á forsíðuna mynd af hverju barni og láta myndina vera tengil inn á viðkomandi síðu. Þannig gætu ólæs börn (og ekki síður útlendingar) fundið síðu barnsins auðveldlega. Sama ástæða lá að baki því að myndir af kennurum væru tenglar inn á síður um vinnuna þeirra (hópastarf, verkefni ofl.) þó í upphafi hafi verið litið á þær síður sem alls ótengdar Bifrastar verkefninu. Ósk kom síðan með það sjónarhorn að þessar síður væru í raun orðnar hluti af verkefninu og mættu því alveg fylgja því og um það voru hinir kennararnir á Jötunheimi sammála.

Gullkorn mánaðarins: Hvernig borðar maður fíl? Með því að taka einn bita í einu

4.2.1 Hönnun

Í framhaldi af reynslunni síðasta vetur voru kennarar á Jötunheimi til í að leyfa börnunum að koma að hönnun síðanna. Þetta tók töluverðan tíma, bæði þurfti að finna áhugasvið barnanna en

ekki síður að læra að setja upp síður hverja með sínu lagi, læra að búa til borða, takka og bakgrunna og setja svo allt saman á rétta staði. Í fyrstu tilraunum var ekki óalgengt að sitt hvað færi úr böndunum og einu sinni skartaði forsíða deildarinnar fagurbláu BRATZ útliti alveg óvart. Í annað sinn yfirtók síðan eins barns aðra síðu og þá lærðu kennarar að setja bókstafinn sinn framan við öll heiti á myndum til að koma í veg fyrir að tvær myndir bæru sama heiti.
Það var mikið rætt um hvort þessi aukavinna við útlitið væri ekki ónauðsynleg og bætti í raun litlu við, jafnvel þó að það væri gaman að hver síða væri með sínu lagi. Í verkefni sem þessu verður að gæta vel að tímamörkum og kennarar fundu að þeir áttu það til að tapa sér í hönnuninni.

Ákveðið var að senda verkefnið í ELearning Award keppni Eschola í september og þá var útliti á öllum síðum breytt til samræmis við vef deildarinnar til að koma í veg fyrir frekari árekstra.

4.2.2 Börnin

Það er mat kennara að stærð hópa skipti miklu máli og má nefna að stærsti hópurinn á Jötunheimi taldi 9 börn og umsjónarmanni fannst það nokkuð mikið. Svo stór hópur kallar á að hugað sé vel að forgangsröðun verkefna en þróunarvinnan er að skila góðum árangri hvað það varðar. Kennarar eru að sjá betur og betur hvað er gerlegt en ekki síður hverju má sleppa.

Krakkarnir urðu fljótt meðvitaðir um að verið væri að gera síður fyrir þá. Þau fengu að velja liti á borða og hnappa og vasast aðeins í útlitshönnuninni. Þau voru stolt af síðunum sínum þó ekki væri mikið á þeim í fyrstu og eins kunnu þau að meta athyglina sem þau fengu einstaklingslega þegar verið er að vinna við síðurnar þeirra, oft með þeirra hjálp. Þau skildu einnig fljótt að myndatökur gætu tengst síðugerðinni eins og eftirfarandi samtal sýndi:

12. ágúst skrifar Ósk: Er að vinna í síðunni hans Auðuns. Hann labbar að síðunni og segir Spiderman, Siggi er með honum og dáist að Spiderman. Ég á þetta sagði Auðunn stoltur. Lísa er búin að vera að taka myndir af mér, segir Siggi.

4.3 Á Þrymheimi

Á þessum tíma voru kennarar á Þrymheimi að stíga sín fyrstu skref í verkefninu. Arnar setti upp síður fyrir hvert barn og verkefninu var skipt niður á kennara en vegna aðstæðna verða fleiri sem koma að síðunum þar. Börnin skiptust í þrjá hópa á morgnana og einn bætist við seinni partinn. Á deildinni eru því fjórir hópstjórar (Arnar, Anna, Gugga og Ólöf) og að auki Anna Kristín

þroskaþjálfi, sem sér um eina síðu. Þar sem þróunaráætlunin gerði ekki ráð fyrir svo mörgum umsjónarmönnum var brugðið á það ráð að þrír kennarar sæktu fundi og upplýstu hina um gang mála.

Vinnan við vefina gekk ágætlega og nýtt efni var sett á allar síður. Anna Lilja hefur líka náð að setja alltaf inn á hópastarfssíðuna eftir hópastarf, eða daginn eftir og telur það orðinn daglegan vana. Hún segir aðstoðarleikskólastjóra hafa gefið þeim ábendingar um villur í texta og orðalag og telur gott að fá svona ábendingar. Stundum verði fólk svo samdauna verkinu að villur og gallar geti farið fyrir ofan garð og neðan.

Bifröst tók mikinn tíma í september, stundum frá öðrum verkum. Það er tímafrekt að setja verkefni sem þetta af stað og halda því lifandi á meðan það slítur barnsskónum. Þegar sá hjalli er klifinn er hægt að fara að huga að smáatriðum þó ekki sé alltaf auðvelt að vera frjór í hugsum.

4.3.1 Hönnun

Kennurum leist vel á að hafa staðlað útlit á síðum Þrymheims og fannst að það gæfi meiri heildarsvip og setti vissan stíl yfir síðurnar. Hönnunin á vef Þrymheims var góð og þau vildu nota hana. Hinsvegar þurfti að gæta þess að þó að útlit væri staðlað þurftu síðurnar líka að bera keim af þeim sem unnu þær og það var spennandi verkefni.

Gugga velti fyrir sér hve auðvelt var að gleyma sér í útlitshönnun sem var í raun aukaatriði og taldi að verkefnið hafi gefið sér aukið tilefni til að horfa á börnin þegar hún var að velja hvað ætti að vera á síðunum. Henni nefndi hve mikilvægt væri að koma til skila persónulegum einkennum barnanna. Hún lagði fram þá spurningu hvort myndir af húsum barnanna væri of persónulegt innlegg. Þetta var gott dæmi um hvernig verkefnið færði kennurum siðferðisspurningar sem þurfti að taka afstöðu til. Þá var mikill styrkur að hafa svo marga til að ráðgast við eða bara til að spjalla við um hugmyndir, hrós og fá hvatningu þegar illa gekk.

Kennarar veltu fyrir sér hve áberandi þeir sjálfir ættu að vera á síðunum, hvort þar ættu að vera myndir af kennurum einum eða þeim með barninu. Ef kennari vildi mynd af sér með barninu þurfti að koma til aðstoð þriðja aðila við myndatökur, ekki óyfirstíganlegt en gæti verið tafsamt.

Leikið inni...

og úti

4.3.2 Tæknimálin

Arnar (tækniráðgjafi) notaði tækifærið sem verkefnið skapaði til að endurskoða almenna umgengni um tölvuumhverfi skólans og taldi að sumt gæti þurft að samræma en annað ekki. Hann fann fljótlegar og góðar aðferðir til að vinna texta og myndir á vefinn og setti upp leiðbeiningar. Þetta telur hann að hefði þurft að gera fyrr, nokkuð seint um rassinn gripið þegar allt er komið af stað en betra seint en aldrei og þetta var unnið um leið og svigrúm gafst. Frá þessu er nánar greint síðar.

Á kynningarfundi kom fram hjá foreldrum sem reynslu höfðu frá Jötunheimi að ekki var síður áhugi á að skoða síður annarra barna en sinna eigin, Þetta ýtti enn undir þá ákvörðun að læsa ekki síðum barnanna.

4.4 Kynning til foreldra

Foreldrar tóku vel í hugmyndina þegar þeim var sagt frá að síðurnar væru í startholunum og virtust ánægðir með það. Ein mamman kom í ágúst og sagði að þær mæðgur hefðu verið að skoða síðuna og voru ánægðar með hana. Þegar að var gáð var einungis komin ein aukamynd á síðuna en þær tóku ekki til þess. Þetta sýnir að magn er ekkert aðalatriði heldur athyglin sem kennarar eru að veita einstaklingunum.

Í byrjun september var foreldrafundur á deildunum og þá var verkefnið kynnt fyrir öllum foreldrum. Þeir voru jákvæðir og á báðum deildum voru á fundunum foreldrar sem höfðu tekið þátt í tilrauninni á Jötunheimi síðasta vetur og gátu miðlað af reynslu sinni og ánægju af verkefninu. Ein mamman sagði að pabbinn, sjómaður sem væri allt að 40 daga í burtu í einu, hefði þarna glugga inn í starf barnsins síns enda missti hann alltaf af samskiptatöflu í forstofu og daglegum viðburðum. Önnur sagði að þau mæðginin skoðuðu síðurnar gjarnan saman og gerðu úr því leik. Hún spyrði t.d. hver væri aðaláhugamál ákveðins barns og svo skoðuðu þau hvort það væri rétt. Hún sagði að það væri orðinn fastur liður að skoða Jötunheimasíðuna þó barnið væri hætt.

Í ágúst skoðaði skólastjóri síðurnar, ræddi innihaldið og þótti þær skemmtilegar en það er dæmi um hvernig aðrir kennarar í skólanum bentu á hluti og gáfu ráð.

4.5 Annar fundur

Þann 20. september var haldinn annar fundur varðandi Bifröst. Kristlaug Svavarsdóttir hélt fyrirlestur um siðferði og vefsíðugerð. Hún talaði um mikilvægi þess að virða höfundarétt og ítrekaði að hugverk eru eign og falla þar með undir höfundarétt. Hún hvatti til vandaðra vinnubragða og sagði að ef nota ætti myndir, texta eða hönnun annarra þyrfti alltaf leyfi til þess, auk þess sem vísa skal til eiganda með skýrum hætti. Kristlaug ræddi einnig um notendaleyfi, upplýsinganotkun og persónuvernd.

Verkefnisstjóri ræddi um mikilvægi þess að halda dagbækur þó ekki þyrfti að vera mikið í þeim. Ákveðið var að fara yfir dagbækur á næsta fundi. Rætt var um viðbrögð foreldra og þóttu þau hvetjandi og gefa góðan grunn undir áframhaldið. Spurt var um hug fólks til verkefnisins, hvort gætti kvíða eða óöryggis með einhverja þætti en allir voru sammála um að verkefnið væri spennandi.

Ákveðið var að verkefnisstjóri myndi kynna Bifröst fyrir öllum starfsmönnum á fundi um kvöldið og var það gert. Starfsmenn á yngri deildunum voru ánægðir með að fá upplýsingar og sýndu áhuga á að fá að fylgjast með verkefninu.

20. september skrifar Greta: Er búin að vera að vinna í síðunum og taka mikið af myndum þess vegna. Siggi og Óli eru búnir að vera að spyrja mikið um þetta og hvenær þeir geti séð síðurnar sínar og hvort ég sé ekki búin að þessu og hinu. Þeir eru greinilega mikið að velta þessu fyrir sér og vonandi líka að skoða síðurnar heima hjá sér.

Samantekt kennara á því hvernig hefur gengið:

- Foreldrar jákvæðir, kennarar líka
- Mikil vinna í upphafi á meðan fólk er að finna aðferðir sem henta og á meðan er auðvelt að láta verkefni verða yfirþyrmandi
- Umræður um hönnun voru áberandi
- Börnin finna að þau fá einstaklingsathygli

5. kafli. Október

5.1 Á Jötunheimi

Í október var haldið áfram að setja inn efni á síðurnar. Kennarar voru afslappaðri og leyfðu sér lengri hlé á milli þess sem þeir komu að verkefninu og trúðu því orðið að það væri allt í lagi. Síðurnar hafa undið ótrúlega hratt upp á sig og nú er svo komið að hver og einn þarf að ákveða hvað er í raun mikilvægt og hvað ekki. Markmiðið var að setja eitthvað inn hjá sérhverju barni mánaðarlega og kennarar ræða hvort ekki verði nóg að taka skurk í lok hvers mánaðar, setja inn myndir og texta. Það ætti að ganga, sérstaklega ef skipulag á myndum er gott. Settir voru myndrænir tenglar af síðum barna á síður um hópastarf og til baka til að auðvelda gestum umgengni um vefinn.

13.október skrifar Greta: Er komin með undirsíðu undir síðuna mína, er ekki alveg búin að ákveða hvað ég ætla að setja þar en til að byrja með verða þar ýmis verkefni sem mig langar til að hafa á síðunni en ég veit ekki hvar eiga að vera. Er að setja inn á síður krakkanna og er að reyna að hugsa smærra en síðast...

5.1.1 Hreyfimyndir á vef

Í hópastarfi hjá Ósk voru þau að gera tilraunir og tóku þær upp á myndband sem var sett í styttri útgáfu inn á heimasíðu hópastarfsins. Það kom skemmtilega út en sýndi um leið nauðsyn þess að hafa góðan hljóðnema með myndbandstökuvélinni, hljóðnema með snúru sem hægt væri að hafa nær umræðunum. Samþykkt var að fela Arnari að kaupa hentugt tæki.

27. september skrifar Ósk: Geðvonskukast, allt í photo gallery er í klessu, birtist ekki á síðunum. Þetta er óþolandi og við Greta erum hættar í þróunarverkefninu

7. október skrifar Ósk aftur: Arnar búinn að laga allt á síðunum okkar þannig að geðvonskan hvarf eins og dögg fyrir sólu. Allt gengur eins og í sögu

5.1.2 Skipulag á möppum

Ákveðið var að hafa myndamöppu fyrir hvern mánuð hjá hverju barni til að halda betur utan um myndirnar. Kennarar hafa verið að finna hentugar leiðir í að skipuleggja möppur og flokka efni. Í

möppunni myndirnar okkar (my pictures) á hvert barn merkta möppu og þangað eru gögn færð jafnóðum. Mikilvægt er að setja og flokka myndir á rétta staði jafnóðum því reynslan sýnir að ef hrannast upp óflokkaðar myndir verður eiginlega að láta þær eiga sig vegna tímaleysis. Ef sá sem hleður myndum úr ljósmyndavél gætir þess að gera það skipulega er mikið unnið. Hið sama gildir um skannað efni og önnur gögn, jafnóðum reglan er í fullu gildi og allt fer ofan í möppu barnsins. Það þarf líka að skipuleggja það sem í möppum barnanna er og þar er hægt að setja skannað efni sér, ef vill, en einnig er gott að hafa möppu sem heitir t.d. notað efni. Þangað má setja það sem búið er að nýta og jafnvel flokka það eftir mánuðum en það reyndist vel á Jötunheimi. Ef þessi flokkun er notuð eru lausar myndir alltaf það sem er ónotað og því auðvelt að hlaða öllum pakkanum inn í Photoshop og minnka og auðveldur eftirleikur að sækja þær sem Photaogallery eða ná í þær eina og eina.

11. október skrifar Ósk: Auðunn, Tómas, Alex og Óli byggðu höll úr stóru kubbunum. Þeir biðja um að láta taka mynd. Auðunn segir taktu fjórar myndir til að setja á síðurnar okkar.

5.2 Á Þrymheimi

Undir mánaðarmótin lagði Arnar til nýja vinnsluaðferð á myndunum sem styttir ferlið og gerir vinnuna auðveldari. Þetta vakti mikla lukku og kennarar töldu þetta góða leið til að vinna hratt án þess að minnka allar myndir.

6. október skrifar Anna Lilja: Fékk skemmtilegar fréttir af Bifröst í dag. Alexander á þýska mömmu og þess vegna ættingja í Þýskalandi. Afi hans hefur fylgst með síðunni og jafnvel prentað út af henni. Þeir hafa síðan rætt um leikskólann og vini Alexanders í síma. Alexander reynir síðan að kenna afa sínum að bera nöfn vina sinna rétt fram, Einar er auðvitað Einar en ekki Ænar! En fjölskyldunni finnst mjög gaman að geta fylgst með stráknum og hans daglega lífi.

5.3 Þriðji fundur

Þriðji fundur var haldinn 19. október. Rætt var um að foreldrar hafi verið duglegir að koma og fá að skoða heimasíður barnanna sinna í foreldratölvunni í salnum. Tölvan er staðsett framan við dyr leikskólastjóra svo hann hefur gjarnan yfirsýn yfir þetta. Skólastjórinn sagðist sjá að foreldrar notuðu síðurnar sem ástæðu til að fá kennara barnsins síns út af fyrir sig og brydduðu gjarnan upp á umræðum um barnið í leiðinni. Þeir viðruðu áhyggjur, deildu gleðisögum eða bara töluðu við kennarann um daginn og veginn.

Farið var yfir dagbækur og fólk hvatt til að huga að spurningum fyrir könnun sem lögð verður fyrir foreldra í janúar. Ákveðið að Anna Elísa kynnti verkefnið fyrir öllum starfsmönnum á fundi um kvöldið svo allir væru vel upplýstir um hvernig gengi og hvað væri efst á baugi. Kynningin gekk vel og lýsti fólk ánægju með þetta tækifæri til að heyra af verkefninu.

Gullkorn mánaðarins: Byrjið á að finna undo takkann, eftir það eru vegir færir.

Á báðum deildum hefur verið uppi umræða um hvort aðrar síður á vef deildanna hafi orðið útundan á meðan verið var að koma Bifröst af stað. Þetta vekur einnig upp þá spurningu hve mikið vinnan við Bifröst hefur tekið frá öðrum verkefnum. Bifröst er stórt þróunarverkefni sem tekur til nær allra starfsmanna á deildunum tveimur og því má telja eðlilegt að annað hafi setið á hakanum á þessum fyrstu mánuðum. Hvert verkefni sem valið er að vinna veldur því að sjálfkrafa verður að leggja önnur til hliðar. Jötunheimur og Þrymheimur munu vanda sig við Bifröst í vetur og vinnan við það hefur ótal kosti í för með sér en á meðan getur verið að annað vinnist hægar.

Þann 28. október fengum við þær frábæru fréttir af Bifröst að verkefni hefði komist í undanúrslit í Elearning Award (Eschola). Þetta eru frábærar fréttir og kennarar eru stoltir af að vera þátttakendur í svona skemmtilegu verkefni.

Anna Elísa kynnti Bifröst á aðalfundi foreldrafélagsins og spunnust fjörugar umræður sem allar voru á jákvæðum nótum. Foreldrar spurðu ýmissa spurninga, skiptust á skoðunum og þeir sem reynslu höfðu af Bifröst sögðu hvað þeim fannst um verkefnið.

6. kafli. Nóvember

Vinnan við Bifröst í nóvember einkenndist af meiri afslöppun og rólegheitum en fram að því. Fyrstu mánuðirnir voru annasamir og kennarar sífellt með hugann við verkefnið en þegar líða fór á haustið og verkefnið var komið á góðan skrið leyfði fólk sér að slaka á og láta önnur verkefni í forgang. Eftir á að hyggja hefur Bifröst tekið athyglina frá ýmsu öðru enda eðlilegt að þróunarverkefni sé í brennidepli en í nóvember losnaði um og ábyrgðarkenndin gagnvart Bifröst hleypti fleiru að. Kennarar eru orðnir afslappaðri og sjá að Bifröst vinnur sig að hluta til til sjálf án þess að mikið sé viðhaft. Þannig safnast saman myndir frá afmælum, fjölskylduuppákomum eða viðburðum í leikskólanum. Þessar myndir eru á vísum stað þar sem öll flokkun er komin í gott horf. Þá er fljótgert fyrir kennara að grípa í að minnka myndir og setja á vef ásamt stuttum texta þó ekki gefist nema klukkutími hálfsmánaðarlega.

Úr dagbókum kennara: Hafþór byggði hús úr kubbum í síðustu viku og kom svo og bað mig að taka mynd til að setja í tölvuna, þ.e. á vefinn. Þau eru farin að líta á þetta sem sitt og vilja hafa eitthvað um það að segja hvað er á síðunni sinni. Anna Lilja

Gugga biður mig um að setja myndir af því sem hún er að leira á síðuna sína. Ósk
Mamma Hrafnhildar segir þær skoða síðuna oft í viku og stelpan sýni gestum á heimilinu síðuna stolt. Anna Elísa

Nú virðist svo komið að kennarar á báðum deildum eru að hugleiða sömu hluti og fást við sömu spurningar. Það er athyglisvert og skemmtilegt að fylgjast með þessu gerast í tvíriti. Hér eftir verður því umræðum af báðum deildum skellt í einn pott þó stundum eigi við að eyrnamerkja þær deildum.

Eitthvað er um að foreldrar nýti sér tölvuna í salnum og komi til að skoða síður barnsins síns, eins hafa einstaka amma eða frændi slæðst inn og kíkt í tölvuna. Með því má með sanni segja að verkefnið hafi aukið samskipti við fjölskyldur barnanna. Hitt hefur einnig aukist að foreldrar noti Bifröst sem leið til að ná sambandi við kennara og ræða um barnið, þroska þess og líðan eða bara til að ná kennara einum við tölvuna til að spjalla.

Í nóvember leiddust kennarar af báðum deildum inn í umræðu um að síðurnar eru miserfiðar í vinnslu. Til dæmis myndast börn misvel og svo eru önnur sem einhverra hluta vegna lenda inn á mörgum myndum eða kennarar mynda oftar en önnur. Allt hefur þetta kallað á faglega umræðu sem hefur án efa skilað betra starfi og víst að Bifröst hefur gert börnin jafnari því nú sést með skýrum hætti hlutur hvers og eins í starfi og leik. Auðvitað má ekki gleyma að lengd vistunar barns, fjarvistir þess og mæting hefur áhrif sem eiga að sjást í Bifröst en þegar þessu sleppir verður auðvelt fyrir kennara að meta hlut hvers og eins. Bifröst hefur einnig í för með sér samstarf við alla foreldra og eykur þannig jafnvægið á fleiri sviðum.

Í nóvember voru tekin foreldraviðtöl við alla foreldra á Jötunheimi. Foreldrar lýstu flestir mikilli ánægju með verkefnið þó sumir hefðu ekki gefið því mikinn gaum en allir höfðu þó skoðað síðurnar oftar en einu sinni en aðrir, oftar jafnvel oft í viku. Kennarar notuðu tækifærið til að skoða síðurnar með foreldrum og engar athugasemdir komu fram.

Nú er fjölskylduvika. Við skoðuðum síður með foreldrum í hópastarfi í gær. Börnum og foreldrum fannst þetta frábært og það spunnust umræður og var mikið fjör. Börnin voru stolt af síðunum sínum og vildu endilega að allar síðurnar yrðu skoðaðar þó ekki væru allir foreldrar mættir. Anna Lilja

Bifröst opnar margar leiðir sem við hugsuðum ekki fyrir í upphafi. Til dæmis er hægt að vísa í síðu barns ef það er að fara í mat eða greiningu, einnig ef það flytur í annan leikskóla eða þegar það fer í grunnskóla. Síðurnar segja meira en mörg orð og gefa miklar upplýsingar þeim sem kunna að lesa úr þeim. Lísa

7. kafli. Desember

Desember er nú einu sinni þannig að hvað sem þróunarverkefnum líður taka jólin völdin og margt er brallað sem ekki má fara á heimasíður fyrr en eftir jólin. Ákveðið var að láta það hafa sinn gang og takast á við Bifröst á fullum krafti á nýju ári. Fundi um Bifröst var frestað fram yfir áramótin en þá þarf að leggja könnun og mat fyrir foreldra. Nú liggur fyrir að Skóladeild Akureyrarbæjar ætlar að leggja fyrir könnun í öllum leikskólum í bænum á sama tíma og með sama hætti og vinnuáætlun Bifrastar gerði ráð fyrir. Því hefur verið horfið frá því að nota Glerverk (tölvukönnun) en gera matið skriflegt í staðinn. Á fundi í janúar verður lögð lokahönd á

undirbúning að matinu. Hvernig sem á málin er litið eru kennarar ánægðir með hvernig til tókst og kveðja árið og fyrsta hluta af vinnunni við Bifröst með gleði og stolti.

Bifröst og jólin

Einn afrakstur af Bifröst var að mikið var til af afskaplega velheppnuðum myndum af börnunum. Þegar farið var að huga að jólagjöf til foreldra var ákveðið að taka frá nokkrar góðar myndir af hverju barni og útbúa svo harmonikkumyndaramma. Myndirnar voru síðan gjöfin til foreldra á annarri deildinni og mæltist ágætlega fyrir. Þarna er dæmi um hvernig Bifröst hafði áhrif á annað starf.

8. kafli. Janúar til júní

8.1 Fjórði fundur

Í janúar var haldinn fundur til að ljúka vinnu við spurningalista til foreldra. Farið var yfir þær hugmyndir sem Anna Elísa lagði fyrir og þær fínpússaðar. Lögð var áhersla að spurningar endurspegluðu markmið verkefnis en að auki að þær gæfu foreldrum tækifæri til að segja skoðun sína á vinnubrögðum og fleiru (sjá fylgiskjöl).

Til umræðu kom hvernig Bifröst tengdist inn í fjölskylduvikuna í leikskólanum en í þeirri viku er stórfjölskyldunni sérstaklega boðið að koma í leikskólann, annars vegar hvenær sem er, en hinsvegar er daglega bent á sérstakan tíma þar sem eitthvað er í gangi af daglegu starfi. Í fjölskylduviku fengu sumir að kíkja á Bifröst í skólanum og sest var sérstaklega með börnunum til að skoða þeirra síður. Í desember var mikið um að foreldrar kæmu í skólann og margar myndir voru teknar af börnum með fjölskyldum sínum. Rætt um að slíkar myndir ættu heima á síðum barnanna og ákveðið að vera vakandi fyrir tækifærum til myndatöku. Ákveðið var að sýna öllum börnunum síðurnar sínar og ræða um efnið á þeim með þann tilgang helstan að rifja upp eftir jólin og gera börnin meðvitaðri um það sem á síðunum er. Foreldrar hafa minnst á að foreldrar barna í öðrum leikskólum horfi hýrum augum til Bifrastar og margt smálegt á borð við þetta kemur upp í spjalli við foreldra. Anna Elísa dreifði könnun til kennara sem sjá um Bifrastarsíður og bað þá að fylla út og skila og að lokum var ákveðið að næsti fundur yrði um miðjan febrúar eða þegar niðurstöður liggja fyrir í könnun foreldra og starfsmanna.

8.2 Vinnufundur

Í febrúar komu allir þátttakendur saman á vinnufund ásamt skólastjórnendum, mati var lokið og tími kominn til að kíkja á niðurstöður. Farið var yfir allar niðurstöður og þær ræddar. Foreldrar virtust hafa áhuga á að hafa síðurnar að einhverju leyti gagnvirkar, þannig að þeir gætu sett inn efni líka. Kennurum leist ekki alveg á að hafa síðurnar svo opnar en eitthvað er um að fólk sendi okkur myndir í tölvupósti sem við getum sett inn og það er bara gaman. Einnig var ákveðið að bregðast við athugasemd foreldra um að tilkynna þegar síður væru uppfærðar, fyrst og fremst með því að segja fólki frá og nota tækifærði til að spjalla en einnig með því að útbúa og eiga miða sem settir eru í hólf barns þegar eitthvað nýtt er á síðunni þess. Þegar meira væri gert mætti nota skilaboðatöfluna eða tölvupóstinn. Rætt var enn og aftur hvernig Bifröst jafnar sýn kennara á

börnin. Leikskólastjóri var nýkomin af UT og sagði frá að margir hefðu talað um Bifröst og þekktu verkefnið. Helstu umræðuefni fólks þar hefðu snúist um mynd og textabirtingar og persónuvernd. Fundurinn tók þá umræðu upp aftur en komst að sömu niðurstöðu og áður, treyst er á foreldra sem ritstjóra og kennarar hvattir til að vanda sig þegar sett væri inn á síðurnar.

Ólöf biðst undan því að sjá um síðurnar sínar lengur og vill einbeita sér að öðru. Arnar tók hennar hlut á sig og í kjölfarið ræddu kennarar hvort Bifröst væri á kostnað annarra þátta í starfinu. Niðurstaðan var sú að þegar áhersla er lögð á svo stórt verkefni sé á meðan minni áhersla einhverstaðar annarsstaðar, það sé eðlilegt. Skólastjóri vildi vita hvar kennarar teldu minna lagt í og kom þá fyrst til tals hinar eiginlegu heimasíður deildanna og að hugsanlega hefði verið unnið meira að öðruvísi mati á þroska barnanna. Á móti komi að Bifröst hafi sett barnið í brennidepil og gefið skýra sýn á margt sem annars hefði kannski þurft að hafa meira fyrir að sjá.

Rætt var um að leyfa börnum að fylgjast meira með þegar verið er að setja inn á síðurnar, gefa þeim tækifæri til að skoða síður, t.d. nokkur börn saman, rétt eins og um tölvuleik væri að ræða. Einnig að hægt væri að nota Bifröst til að bæta fjölskyldudagana. Til dæmis ef barn fær ekki gest gæti það fengið sérstakan tíma með kennaranum við tölvuna í staðinn. Þá mætti senda tölvupóst heim eða í vinnuna til foreldranna eða taka sérstaka mynd af barninu handa pabba eða mömmu og fleira mætti tína til. Þannig mætti gera gott úr því sem gæti valdið sorg.

Verkefnisstjóri vildi koma á framfæri nokkrum atriðum sem hann taldi mikilvæg eftir að hafa unnið úr mati foreldra og starfsmanna um leið og hann hrósaði og hvatti fólk áfram við verkefnið. Hann sagði að svo virtist sem starfsmannahópurinn hafi meiri áhrif en hugsað var í upphafi. Bifröst ali af sér umræður og þegar kennarar setji inn á síður komi aðrir að, spjalli, spyrji og í sameiningu sé velt upp umræðuefnum kannski alveg ótengdum Bifröst. Þroski, framvinda og líðan barnanna sé oft til umræðu og ekki síður foreldrasamstarfið, fagleg mál séu rædd frá ýmsum hliðum og þetta sé dýrmætt.

Hann telur jákvætt hve mis mikið er á síðunum, að fólk vinni verkefnið eftir sínu höfði eins og ákveðið var í upphafi. Kennarar virðist hafa skilið kröfurnar, sem þeir bjuggu til sjálfir, ólíkt. Magn og fjöldi er túlkað út frá mismunandi væntingum og á meðan Þrymheimur hafi verið í aðhaldi með myndatökur og lagt vinnu í að velja vel myndir og myndefni hafi Jötnar hinsvegar hrúgað inn myndum. Jötnar séu einnig duglegir að minna hver annan á þegar eitthvað sem þykir merkilegt hendir. Tvær ólíkar leiðir og líklega sé leið Þrymheims mun nær því sem hægt er að gera þegar þróunarverkefninu sleppir. Verkefnisstjóri hvatti fólk til að vera ekki of upptekið af samanburði og muna stefnu skólans um ólíka kennara og margskonar nálgun, á meðan allir gera sitt besta á að meta það og þakka.

Verkefnisstjóri telur stærstu spurninguna sem svara þurfi við lok verkefnisins vera þá hvort Bifröst lifi áfram og að mörgu þurfi að hyggja og best sé að taka ekki ákvörðun án mikillar íhugunnar. Það sé hinsvegar ekki tímabært að svara því fyrr en verkefninu er lokið og öll kurl séu komin til grafar og þá geti þeir sem unnu verkið sagt til um hvort þeir telji það viðráðanlegt í daglegu starfi. .

Að lokum ræddi fólk um að gaman væri hve matið kom vel út, fólk væri jákvætt og segði það, það kynni að meta hvað gert er og vill veg verkefnisins sem mestan. Einnig þótti eftirtektarvert að foreldrar voru ekkert að bera saman og hafði fólk jafnvel átt von á að einhverjar athugasemdir bærust vegna þess hve síðurnar eru ólíkar og mismikið á þeim.

9. kafli. Mat á verkefninu

9.1 Könnun á viðhorfi foreldra í janúar 2005

Samkvæmt framkvæmdaáætlun átti að leggja fyrir könnun fyrir foreldra í janúar. Nokkrum dögum fyrr var bréf sent heim til allra og minnt á að könnunin væri á næsta leiti. Fólk var hvatt til að kynna sér vefina ef það teldu sig þurfa þess til að vera betur undir könnunina búið. Mánudag og þriðjudag 31. janúar og 1. febrúar var lögð könnun fyrir foreldra barna á báðum deildum. Um var að ræða 24 fjölskyldur á Jötunheimi og 27 á Þrymheimi, alls 51 fjölskyldu. Mikil veikindi voru í vikunni sem könnunin var lögð fyrir og því ákveðið að hafa hana í gangi út vikuna. Nokkrir foreldrar komu aldrei í leikskólann þessa viku og gæti það hafa haft áhrif á þátttöku sem þó var mjög góð en alls skiluðu 45 fjölskyldur inn 44 könnunum. Börnin eru þó 51 því ein fjölskylda á börn á báðum deildum og skilaði inn einni niðurstöðu. Þar sem eitt barn af Þrymheimi hætti um áramótin fækkaði síðum þeirra úr 28 í 27. Á Jötunheimi svöruðu 21 foreldrar af 24, þar af 11 foreldrar drengja og 10 stúlkna. Á Þrymheimi svöruðu alls 24 foreldrar af 27, 10 foreldrar stúlkna og 13 foreldrar drengja. Einn skráði ekki kyn.

Spurningar voru margskonar, flestar voru hálfopnar en aðrar ýmist lokaðri eða opnari. Tilgangurinn var að ná fram upplýsingum um ákveðna þætti en um leið gætu foreldrar túlkað spurningar og aðlagað sínum þörfum. Alls var spurt 9 spurninga þar sem meðal annars var leitað eftir upplýsingum um viðhorf foreldra til verkefnisins, hvernig fjölskyldan nýtir sér verkefnið og hvort verkefnið hefur haft áhrif á samstarf við skólann. Í lokin gátu foreldrar komið með hugmyndir og lagt fram skilaboð.

9.1.1 Helstu niðurstöður

Eins og fram hefur komið var svörun mjög góð og í stuttu máli voru foreldrar ánægðir með Bifröst, jákvæðir gagnvart verkefninu sem slíku, töldu vel staðið að kynningu og skoða síðuna a.m.k. mánaðarlega, margir miklu oftar. Almenn ánægja var með að börn hefðu heimasíður og ríflega helmingur foreldra sagði skoðun sína á Bifröst ekki hafa breyst og margir töku fram að þeir hefðu verið jákvæðir frá upphafi. Fjórðungur taldi skoðun sína hafa breyst til hins betra en 2 höfðu átt von á meiru. Allir nema einn töldu vel staðið að kynningu og aðspurðir um ánægju með Bifröst lýstu allir utan einn ánægju sinni með verkefnið og flestir töldu barnið ánægt en einnig aðra ættingja. Þegar spurt var um hvort barnið talaði um Bifröst heima sagði um helmingur svo vera. Ein spurningin var hvaða gagn foreldrar hefðu helst af Bifröst og voru ekki gefnar neinar

vísbendingar né möguleikar til að fá fram ferska sýn foreldra án áhrifa frá kennurum. Þá nefndu flestir að verkefnið gæfi foreldrum glugga inn í skólann og tengdi skóla og heimili, margir töldu það gefa umræðugrundvöll heima og einnig var nefnt að það yki upplýsingaflæðið eða efldi samskipti fjölskyldunnar við skólann en ekki síður barnsins við fjarverandi foreldra og ættingja. Þessir atriði eru öll hluti af markmiðum verkefnisins og þarna fengum við sterka vísbendinu um að þegar hefðum við náð að minnsta kosti 4 af 5 markmiðum.

Það kom á óvart að tveir nefndu að verkefnið gerði börnin tölvufærari og þau sæju nýjar leiðir í tölvuvinnslu. Þrátt fyrir mikla tækniáherslu í skólaunum hafði þessi möguleiki aldrei verið ræddur á meðal kennara. Ástæðan kannski sú að stefna skólans felst ekki í tölvukennslu né er lögð áhersla á að læra á tæknina sem slíka heldur er vilji til að nýta tæknina á sem fjölbreyttastan hátt og opna augu barnanna fyrir mörgum notkunnarmöguleikum.

Könnunin sýndi að um helmingur foreldra skoðar Bifröst daglega til einu sinni í viku og helmingur 1-3 í mánuði. Þrír af hverjum fjórum sögðust vita meira um barnið í leikskólanum nú en áður og þeir sem sögðu nei, töldu sig fá nægar upplýsingar í skólanum, sumir töldu stórfjölskylduna græða meira en foreldra og aðrir nefndu að þetta væri viðbót. Örlítill meirihluti segir Bifröst hafa aukið samskipti við starfsmenn og sumir sem sögðu samskipti ekki hafa aukist töldu sig eiga gott samstarf fyrir.

9.1.2 Viðauki við mat

Einn daginn spurði Anna Elísa nokkur af börnunum til hvers Bifröst væri og hér er sýnishorn af svörunum: Það hefði án efa verið gagn af því að spyrja þau oftar en hér eru svör barnanna:

- Svo að foreldrarnir geti skoðað í tölvunni hjá sér,
- myndir af krökkunum, okkur.
- Það er skemmtilegt að eiga svona síðu,
- ég er búin að setja trúð, mynd af mér og vinkonu minni.
- Til að sjá sig og þegar kennarinn tók mynd af mér.
- Einu sinni voru teknar myndir af okkur strákunum þegar við vorum að bleyta hárið eins og rokkarar. Þá vorum við svo fínir. Ykkar er snilld.

Hér er svo umrædd mynd af piltunum

9.2 Starfsmenn líta um öxl

Um áramótin var vinnan við Bifröst hálfnuð og tímabært að líta aðeins um öxl. Starfsmenn svöruðu nokkrum spurningum um hvernig þeir upplifðu verkefnið og skiluðu nafnlaust, hinsvegar er í raun ekki um nafnleynd að ræða þar sem þátttakendur eru fáir og þekkjast vel. Einnig þarf að hafa í huga að oftast nær er aðeins einn á bak við hverja niðurstöðu nema annað sé tekið sérstaklega fram.

Starfsmönnum þótti viðbrögð foreldra hafa verið jákvæð og hvetjandi en nokkur hópur foreldra sýndi lítinn áhuga og það gat valdið nokkrum vonbrigðum í einhverjum tilvikum. Spurt var hvort starfsmenn teldu sig fá nægan stuðning við vinnuna við verkefnið og var niðurstaðan einróma um að stuðningur væri nægur og hægt að fá þá aðstoð sem þyrfti. Misjafnt var hvað reyndist fólki auðveldast við Bifröst og mátti þar greina hvar sterkar hliðar hvers og eins liggja. Einn nefndi tölvuvinnuna, annar að skrifa texta um börnin og einn taldi samvinnuna við verkefnið auðveldasta. Þegar nefna átti það sem reyndist erfitt var m.a. nefnd takmörkuð tölvufærni, að finna tíma og að virkja áhuga barnanna. Starfsmenn sögðu að það sem var skemmtilegast væri tölvuvinnan, að læra á tæknina, gaman væri þegar vel gengi og gott að vita að heima biðu fjölskyldur eftir nýju efni. Verkefnið yki nánd við börn og foreldra, auðveldaði sýn á þroska og framfarir og skerpti sýn á einstaklinginn. Hið leiðinlegasta væri að kunna ekki nægilega vel og svo væri seinlegt að minnka myndir.

Kennarar á Jötunheimi gerðu óformlegar könnun á því hve mikið væri á síðunum með því að telja myndir og bera síður saman. Þá kom í ljós að á síðum barnanna voru á milli 60 og 70 myndir af hverju barni. Einstaka barn átti svo fleiri myndir og einnver átti ögn færri en það var barn sem var í fjögurra tíma vistun og því ekki óeðlilegt að vistunartíminn hefði áhrif á magnið.

Kennarar ræddu þennan mismun en voru í heildina hissa á hve jöfn talan var, bæði á milli barna og milli kennara.

Bifröst er verkefni sem þátttakendur græddu á að vera með í. Það efldi fagmennsku, ýtti undir vangaveltur og kæmi í veg fyrir stöðnun, skemmtileg áskorun og heilmikill lærdómur, gefandi vinna og gaman að hafa sýnilega afurð. Þó mátti finna fyrir álagi þegar tíminn hvarf í hít daglegs amstur. Að öðru leyti væru annmarkarnir léttvægir.

Næstu skrefin væru að standa sig betur og halda sama striki þó með tilliti til útkomu úr mati foreldra, innleiða Bifröst á yngri deildirnar. Starfsmenn töldu verkefnið stuðli að auknu samstarfi kennara, það væri skemmtilegt og gefandi. Í upphafi hafi verið farið af stað með miklar væntingar sem kannski voru um of en um mitt tímabil hefði verið komið jafnvægi á hlutina og þá væri allt svo miklu léttara.

9.3 Könnun á viðhorfi foreldra í lok verkefnis

Í maí var gerð könnun á meðal foreldra til að kanna hug þeirra þegar verkefninu var að ljúka. Allir foreldrar voru beðnir að svara 7 spurningum og þar sem fyrri könnun hafði sýnt mikla ánægju, áhuga og velvilja foreldra var ákveðið að leggja áherslu á aðra þætti og hafa spurningar færri. Þar með yrði hugsanlega meiri líkur á að svörun væri betri og þótti það ganga eftir. Alls voru vefir barna 51 talsins en þar af átti ein fjölskylda börn á báðum deildum og tvær fjölskyldur voru brottfluttar þegar könnun var gerð svo í raun voru mögulegir svarendur 48. Alls svöruðu 39 foreldrar, 20 af 24 á Jötunheimi og 19 af 25 á Þrymheimi sem verður að teljast nokkuð gott svarhlutfall.

Foreldrar voru beðnir að svara fimm fullyrðingum tengdum markmiðum verkefnis og gátu valið um möguleikana mjög mikið – mikið – lítið og mjög lítið. Í lokin var opin spurning um hug fólks til Bifrastar og að síðustu var spurt hvort foreldrar teldu að verkefnið hefði verið á kostnað annarra þátta í starfi deildanna. Ástæðan fyrir síðustu spurningunni er sú að starfsmenn töldu að verkefnið hefði verið það viðamikið og tímafrekt að hugsanlega hefði það tekið orku og tíma frá öðrum verkefnum og rétt þótti að aðgæta hvort foreldrar hefðu sömu tilfinningu.

Þegar niðurstöður eru dregnar saman er valin sú leið að telja saman þá sem merkja við -mikið og -mjög mikið en sundurgreina önnur svör. Til gamans má geta þess að í fyrstu fjórum spurningunum völdu þó mun fleiri að svara með efsta stiginu. En víkjum þá beint að niðurstöðum. Greina mátti örlítinn mun á niðurstöðum á milli deilda sem fólst í því að á annarri deildinni völdu foreldrar oftar möguleikann -mjög mikið á meðan foreldrar á hinni deildinni töldu

-mikið vera nær lagi. Þetta breytir engu um heildarniðurstöður en er forvitnilegt fyrir starfsmenn leikskólans.

35 töldu Bifröst efla samstarf við foreldra. 38 töldu Bifröst efla upplýsingastreymi frá leikskóla til fjölskyldu og allir segja að Bifröst gefi foreldrum aukin tækifæri til að fá innsýn í starf barnsins í leikskólanum. Þegar spurt var hvort Bifröst efli áherslu á sterkar hliðar barnsins og jákvæða þætti svara 33 svo vera en fjórir að það sé lítið eða mjög lítið. Einnig var spurt hvort Bifröst gefi kennurum og foreldrum nýja möguleika á samskiptum, umræðum og samvinnu með því að skapa foreldrum auknar forsendur og umræðuvettvang um leikskólastarfið og vildu 33 meina að svo væri en 2 töldu að það væri lítið.

Foreldrar skrifa um Bifröst: Nú orðið ómissandi á heimilinu og fyrir alla í fjölskyldunni ... fjölgar fjölskyldustundunum þar sem allir sitja saman heima og skoða í tölvunni … Æðislegt að sjá hvað er gaman í skólanum

Spurt um hvað foreldrum finnist um Bifröst svara 35 á jákvæðum nótum. Nokkrir nefna að þeir hafi fengið aukna innsýn í starf skólans, aðrir að gott sé að geta fylgst með heima og sumir að öll stórfjölskyldan taki þátt. Foreldrar gefa sér einnig tíma til að hvetja starfsmenn áfram og mæla með að verkefnið nái yfir á allar deildir.

Að síðustu var falast eftir upplýsingum um hvort foreldrar hefðu fundið fyrir því að vinnan við Bifröst hafi verið á kostnað annarra þátta og allir þeir sem svara, 33 sögðu nei. Þar með var létt þungu fargi af starfsmönnum sem höfðu haft áhyggjur af þessum þætti. Niðurstöður má finna í fylgiskjölum.

10. kafli. Niðurstöður

10.1 Áhrifaþættir

Það var margt sem kom upp í umræðum kennara og dagbókum á meðan Bifröst var í vinnslu. Í gegnum ferlið allt voru kennarar sífellt að spyrja sig og hver annan hvort árangur væri viðunandi og eftir því sem á veturinn leið varð spurningin: Er þetta hægt án þróunarstyrks? áleitnari. Áhersluþættir sem fram komu voru eftirfarandi:

10.1.1 Tími eða tímaleysi, er þetta hægt?

Hafa kennarar tíma til að sinna svo viðamikilli viðbót við daglegt starf? Svarið er já, þetta tekur ekki nærri eins mikinn tíma og kennarar héldu í upphafi og þó fyrsti hjallinn hafi verið erfiður fundu þeir flýtileiðir og lærðu vinnubrögð sem skiluðu þeim niður í að nota tvo klukkutíma á mánuði í að setja inn á síður. Því er ekki að neita að tveir tímar í viðbót gætu gert gæfumuninn og skilað flottari og þéttari síðum en tveir tímar duga ef miðað við að hver kennari sjái ekki um fleiri börn en 10 sem er einmitt fjöldinn sem kennarar elstu barnanna sjá um. Verkefnið krefst meðal annarra orða þess að margir taki þátt og stendur því og fellur með þeim mannafla sem er á hverri deild hverju sinni.

Eftir á að hyggja sást að desember og maí eru mánuðir þar sem Bifrastarvinnan datt niður. Í desember var að öðru að hyggja vegna jólaundirbúnings og fleira. Í maí er alltaf mikið umleikis af öðrum sökum, sérstaklega á deild elstu barnanna. Það þarf að taka foreldraviðtöl, skila af sér til grunnskólanna, undirbúa og fara í tveggja daga ferðalag, klára diskana sem börnin fá til eignar og vista síðurnar niður á þá, þar sem sum barnanna hætta strax 1. júní. Kennarar fóru einnig að fara í sumarfrí um mánaðarmótin maí - júní. Að þessu hefði mátt huga í upphafi og láta verkefninu lokið í allra síðasta lagi um miðjan maí en það er gott að vera vitur eftir á.
Ávinningur á móti vinnunni sem þetta krefst, er þetta þess virði?

Bifröst var mikil vinna í upphafi, mest vegna þess að suma kennara skorti tækniþekkingu og reynslu af heimasíðugerð. Sú staðreynd að þetta var styrkt þróunarstarf setti líka pressu á þá að vanda til verka. Næsta vetur verður vinnan mun afslappaðri og kennarar telja í raun nóg að setja sér þau markmið að uppfæra síðu hvers barns einu sinni fyrir jól og svo aftur fyrir vorið. Það er nefnilega reynslan að síðurnar bólgna út næstum sjálfkrafa, barnið á afmæli, uppákomur gefa tilefni til að setja inn efni og svo mætti lengi telja.

Ávinningurinn af verkefninu er mikill. Börnin sýndu mikinn áhuga, fylgdust með og höfðu skoðun á hvað á að vera á síðunum. Þau lærðu um tæknina, sáu möguleikana og lærðu sum grunnvinnubrögð næstum sjálfkrafa. Þau upplifðu einnig einstaklingsathygli og voru upp með sér þegar kennari tók af þeim myndir eða setti inn efni á síðuna þeirra. Svo gátu þau sýnt öðrum og talað um leikskólann og starfið þar. Foreldrar fengu innsýn í starfið, þau fengu að sjá barnið sitt í lífi og leik, hvað það kunni, gat og vildi. Þeir gátu líka spjallað við kennara á nýjum forsendum og sýnt áhuga sem aldrei fyrr. Kennarar lærðu mikið um sjálfa sig sem fagmenn og þroskuðust í starfi. Bifröst krafði þá um að sýna öllum börnum jafna athygli og ekki síður öllum foreldrum. Kennarar sáu skýrt hvað var þeim auðvelt, til dæmis í að hrósa öllum börnum og taka jafnt eftir öllum. Magn mynda og texta sýndi þetta skýrt og um mitt ár notuðu þeir tækifærið til að meta saman síðurnar bara út frá þessu sjónarhorni. Kennarar fengu gjarnan nýja sýn á barnið, heimasíðurnar gáfu tækifæri til samræðna á milli kennara og hægt var að nota þær sem hluta af mati á færni, þekkingu og þroska barns.

Bifröst átti frá upphafi sér vef sem inniheldur helstu upplýsingar um verkefnið, skýrsluna og gestabók. Á heimasíðu skólans er einnig gestabók og á báðum deildunum þar sem verkefnið var unnið. Skrif í gestabækur stórjukust og áhugasamir geta kíkt í gestabækurnar og forvitnast um hug fólks til verkefnisins en nokkur dæmi eru hér rétt á eftir. Í lok janúar voru settir teljarar á heimasíður deildanna og umferðin um þær var mikil. Í lok júní voru komnar um 3500 heimsóknir á síðu Jötunheims og tæplega 3000 á síðu Þrymheims, síða Bifrastarskýrslunnar fékk um 900 heimsóknir á sama tíma. Þetta má telja mikla umferð og rennir stoðum undir að verkefnið hafi vakið áhuga og náð til foreldra og fjölskyldna barnanna. Að öllu samanlögðu má segja að ávinningurinn hafi vera mikill og fjölbreyttur.

Við fáum kveðjur frá útlöndum*: Greetings to all and especially to Venni from Uncle- Mikko, Muffi and Ukki from Finland. We were very happy to see the pictures from your kindergarten. It seems that you are doing lots of nice things every day with your friends and teachers.See you in the summer here in Halkia. Mikko, Muffi and Ukki*

Bréf frá öðrum leikskólum*: Ég vil óska ykkur til hamingju með þessi frábæru verkefni sem þið hafið verið að gera síðustu ár og stórkostlega heimasíðu og innihaldi hennar. Við í leikskólanum ... eigum örugglega eftir að nýta okkur eitthvað af öllu þessu efni og kunnáttu sem þið hafið unnið svo frábærlega.*

og börnin skrifa: Hæ, við ég og mamma mín vorum að skoða síðuna það voru mjög flottar myndir, þið eruð mjög flottar allar og líka Heimir, það er rosa gaman á Jötunheimi, munið eftir Gylfa, hann er mjög góður bróðir. Bless. Alla

Ábendingar frá foreldrum: *Ég á barn í Þrymheimi og hef gaman af því að geta fylgst með myndum úr starfinu og ekki síður að geta bent ættingjum og vinum erlendis á síðuna. Mig langar að biðja ykkur að kynna starfsfólkið hérna betur, með myndum, og það væri gaman að fá dagsetningar á myndirnar, til dæmis í ferðalögum og þess háttar. Gangi ykkur allt í haginn, kveðjur...*

Halló, ég er mamma .... Ég vildi bara kasta kveðju á ykkur og láta vita hvað mér finnst þetta vera frábært hjá ykkur hér og ég kíki hingað mjög reglulega, alltaf að ath hvort það sé komið eitthvað nýtt og svo er svo gaman að geta fylgst svona með starfinu á leikskólanum og hinum börnunum, kveðja ...

Bréfkorn af hálendinu*: Góðan daginn það er ánægjulegt að geta verið í tengslum við leikskóla barnsins míns þegar fjarvera mín er svo löng (fjórar vikur í senn). Héðan úr Kárahnjúkum er allt gott að frétta veður milt og fallegt ...*

10.1.2 Tækniþekking - þekkingarleysi, er það hindrun eða ekki?

Vinnan var eins og áður segir minni en ætla mætti, í upphafi var seinlegt að læra það sem til þurfti en þegar kennarar höfðu búið til "bjánaleiðbeiningar" þá björguðu þær miklu. Svo voru tekin hænuskref og það gerði gæfumuninn. Fyrst einbeittu kennara sér að því að læra að tæma myndavélar og flokka myndir. Þá var farið í að smækka myndir og færa þær inn á vefsíður. Þar sem verkefnisstjóri og tækniráðgjafi bjuggu til grunnvefi hvor fyrir sína deild þurfti í raun ekki meiri þekkingu í byrjun. Núorðið kunna reyndar allir að gera nýjar síður en næsta vetur má nota sama grunninn og því er fljótlegra að byrja aftur.

Áður en sagt er skilið við umræðuna um tæknina má ekki gleyma að ein af forsendum þess að vel tókst til er næg tæknieign. Á hverri deild er nettengd góð tölva sem einnig er tengd á staðarneti við tölvur í undirbúningsherbergi kennara, það er líka stafræn myndavél á hverri deild. Kennarar skólans eru almennt vel tölvufærir og notkun tækninar á sér langa sögu í skólanum.

10.1.3 Áhugi kennara og þátttaka eru nógu margir sem vilja?

Bifröst er ekki verkefni sem hægt er að þvinga fólk í. Það lætur fólki misvel að vinna á tölvu og sumir veigra sér við að þræða meðalveginn í að skrifa og sýna myndir af börnunum. Þátttakendur lærðu að í verkefni eins og Bifröst þarf að skipta niður á margar hendur og það getur þýtt að erfitt sé að halda því úti alltaf eða á öllum deildum. Talið er varasamt að ætla hverjum kennara stærri hóp en 10 manna og ef einsýnt er að ekki fáist nógu margir í verkefnið þarf að leita annarra leiða. Ein af niðurstöðum er að gleyma ekki að þeir sem vinna verkefni sem þetta verði að hafa vítt svigrúm sem nær meðal annars til hve mikið er sett inn og hve oft. Reynslan sýnir að foreldrar eru ekki að bera saman né gagnrýna þá sem gera minna, ef einhver hreyfing er á síðum allra dugar það.

Ef ætlunin er að hefja verkefni á borð við Bifröst þarf að huga að nokkrum þáttum. Mikilvægt er að neyða því ekki upp á neinn og stíga hænuskref. Spurningar sem þarf að svara eru meðal annars hvort starfsmenn vilja þetta, hverjir og þá hvort þeir eru nógu margir? Það þarf að vera búið að ákveða hvað gerist ef starfsmenn hætta og nýjir treysta sér ekki til að vera með. Gott er að muna að á endanum gæti verkefnið endað sem klafi um háls deildarstjóra. Kanna þurfi hug foreldra á yngri deildunum og ákveða síðan hver sé besta leiðin til að innleiða verkefnið í skólanum öllum og þá með hvaða formerkjum.

Ef ákveðið er að halda áfram með Bifröst má hugsa sér margar leiðir. Það þarf ekki að byrja að hausti á fullu enda mæla kennarar á móti því. Hægt er að fara rólega af stað og setja markmið um að ákveðnum tíma liðnum verði allir komnir með síðu til dæmis um áramót. Það gæfi starfsfólki undirbúnings og aðlögunartíma sem hægt væri að nota til að efla nauðsynlega tölvufærni.

Bifröst er vinna sem margir þurfa að vinna á hverri deild, að minnsta kosti 3 til 4 á hverri deild eftir fjölda barnanna. Það þarf að gæta þess að einhverjir þurfi ekki að taka á sig meiri vinnu en aðrir án þess að annarsstaðar sé skorið niður í staðinn.

10.1.4 Vilji foreldra og áhugi barnanna

Reynslan af Bifröst sýnir vilja og áhuga bæði barna og foreldra. Kennarar telja að dagleg samskipti við foreldra hafi aukist, bæði þegar kennarar segja frá því sem á síðurnar fer en einnig hafi foreldrar nú meira að tala um og geti haft skoðanir á fleiru í leikskólastarfinu. Þeir erum ekki frá því að virðing fjölskyldna barnanna fyrir starfinu hafi aukist en það er þó bara tilfinning sem reyndar má styðja með vísbendingum úr samræðum við foreldra og niðurstöðum úr mati.

Verkefnið efldi tengsl við foreldra barnanna og stórfjölskylduna en það er nátengt markmiði leikskólans um foreldrasamstarf.



Af mati foreldra í janúar 2005 þegar verkefnið var hálfnað má sjá að margir skoða vefinn reglulega. Foreldrar komu einnig í skólann og skoðuðu heimasíðu barnsins með eða án kennara. Aðrir ættingjar litu einnig inn mest afar og meira að segja einstaka frænka.

Gerðar voru tilraunir sem sumar hverjar voru nokkuð tímafrekar en gagnlegar þó stundum sýndu þær aðeins hverju mætti sleppa. Sem dæmi má nefna hönnun bakgrunna, borða og hnappa sem sýndi okkur að best er að nota samræmt útlit að einhverju leiti, það sparar mikinn tíma og þó það sé gaman að hver eigi sitt útlit þá er það algerlega óþarft og tekur mikinn tíma án þess að bæta miklu við. Hönnunartímabilið var einnig tíminn þegar tölvurnar voru hvað veikastar og annar vefurinn hrundi svo ákveðið var að hætta þessu brölti og þá fór allt að ganga mun betur. Hins vegar varð til mikil þekking og reynsla sem kennarar búa ætíð að.

Í umræðum kennara kom fljótt fram að verkefnið krefur starfsmenn um jafnræði gagnvart börnum og foreldrum. Það er ekki hvað síst þetta sem hefur kennt okkur mikið. Bifröst hefur verið kveikja að umræðum og spjalli kennara, umræðuefni á fundum, grunnur að mati, hjálpargagn í samskiptum við sérfræðinga og teymi og ekki má gleyma að hugsanlega varð til ómetanlegur gagnabanki um líf og starf einstaklinga sem getur fylgt þeim inn í framtíðina.

10.2 Grunnforsendur

Kennarar telja nokkrar nauðsynlegar forsendur þurfa að vera fyrir hendi svo hægt sé að vinna að verkefni sem þessu. Margar eru þær samhljóma mati kennara á Jötunheimi á tilraun frá árinu áður en þeim var þó fækkað.

að barnahópnum sé skipt í viðráðanlega stærð fyrir hvern kennara, hámark 10 börn á mann.

- að á deildinni sé nettengd tölva með vefsíðuforriti, myndvinnsluforriti og myndaskoðara
- að hver deild hafi eigin vef
- að á deildinni sé stafræn myndavél
- að foreldrar taki vel í verkefnið

Mikilvægt er að tilgangur með vinnunni sé skýr og sameiginlegur svo fagleg vinnubrögð ráði för. Svo getur hjálpað að hafa við höndina skýrar tölvuleiðbeiningar, séstaklegar eftir því sem tölvufærni kennara er minni. Slíkar leiðbeiningar er gott að hafa heimatilbúnar svo þær séu í takt við búnað á hverjum stað. Ekki er talið að léleg tölvufærni kennara þurfi að standa í vegi fyrir því að svona verkefni sé mögulegt. Vinnubrögðin lærast hratt, sérstaklega ef leiðbeiningar eru góðar og því þarf engin að láta kunnáttuleysi stoppa sig, vilji er allt sem þarf.

10.2.1 Tæknin

Í þessum kafla fjallar Arnar Yngvason tækniráðgjafi verkefnisins um það sem kom inn á hans borð á meðan á verkefninu stóð.

Helsta hlutverk tækniráðgjafa fólst í að vera allsherjar bjargvættur og útbúa leiðbeiningar um nauðsynlegar aðgerðir í forritum, gefa leiðbeiningar um uppsetningu, útlit og einstaka lagfæringar. Tækniráðgjafinn birtist einnig fljótt og vel til bjargar þegar illa fór, vefur hrundi eða árekstar áttu sér stað. Það breytti miklu að hafa tæknimann á staðnum sem ekki þurfti að bíða eftir. Það hefði skemmt mikið fyrir verkefninu ef það hefði tekið langan tíma að koma öllu í samt lag. Á fyrstu mánuðum hefði smámál getað sett verkefnið í bið um tíma sem hefði rýrt áreiðanleika þess og hugsanlega valdið óánægju bæði kennara og foreldra.

Það hefði verið betra að eyða tíma í að útbúa leiðbeiningar, finna hentugar aðferðir og hafa vinnuferli á hreinu áður en farið var af stað. Þannig hefði mátt spara tíma í verkefninu og koma í veg fyrir að svara þyrfti sömu spurningum aftur og aftur og aðstoða marga við sömu hlutina. Reynslan sýndi að starfsmenn voru lengi að tileinka sér aðferðirnar í upphafi og þurftu oft að heyra sömu hlutina, kannski stundum af óöryggi en þegar leiðbeinignarnar voru komnar varð fólk meira sjálfbjarga.

Síðustu fjögur ár hefur heimasíða leikskólans samanstaðið af mörgum vefjum, hver deild hefur eigin vef og þar með er búið að afmarka stærðina, aðgengið verður auðveldara, það er viðráðanlegra að sjá um þá aðskilda og öll vinnsla verður léttari.

Í upphafi var útbúin myndamappa fyrir hvert barn þar sem myndir voru flokkaðar jafnóðum, ýmist í notað og nýtt eða eftir mánuðum. Þessar myndamöppur héldu myndum saman og og voru mikilvægur þáttur í að vel tókst til. Að auki var flokkun annarra mynda í góðu lagi og sparaði mikinn tíma.

Bifröst krafðist mikils búnaðar og tölvurnar þurftu að vera þokkalegar til að ráða vel avið ð keyra stór forrit eins og Photoshop og Frontpage. Einnig gerði sítenging með mikilli flutningsgetu kleyft að flytja mikið magn í einu sem óneitanlega sparaði tíma. Hér á eftir er listi yfir vél- og hugbúnað sem notaður var en að sjálfsögðu er hægt að nota önnur tæki og tól.

10.2.1.1 Tækni og búnaður

Hér má finna lista um tæki og hugbúnað sem til er í skólanum og nýttist við verkefnið:

- Stafræn myndavél á hverri deild, Canon A-60
- Tölvur IBM NetVista á hverri deild, í undirbúningsherbergi kennara og í sal fyrir foreldra. Tvær tölvur eru með Firewire tengingu fyrir stafræna myndbandstökuvél
- Staðarnet, allar tölvur tengdar saman þannig að hægt er að vinna með gögn í öllum tölvum
- Internettenging, sítengd og nægilega öflug til að ráða við allar myndirnar sem þarf að flytja út á vefinn
- Hver deild hefur eigin vef
- Vefsvæðið þarf að vera nógu stórt. Eftir fjögur ár eiga yngstu börnin einn vef,´3 ára börnin tvo, 4 ára þrjá og 5 ára börnin fjóra,
- Skanni eða fjölnotatæki til dæmis Canoscan FB630UI eða HP psc1350 til að skanna myndverk barna og fleira.
- Stafræn myndbandsupptökuvél Canon MV210
- Hugbúnaður:
    - Zoombrowser, forrit til að hlaða inn myndum (kallaður myndaskoðari hér)
    - Easy Thumbnails sem minnkar margar myndir í einu
    - Myndvinnsluforritið Photoshop þar sem hægt er að laga og vinna myndir
    - Frontpage til vefsíðugerðar
    - Forrit til að klippa og vinna kvikmyndir, iMovie og Moviemaker

10.2.1.2 Að minnka myndir

Stór hluti vinnunar fólst í að minnka myndir því það er mikilvægt að setja myndir aldrei óunnar á vefinn því þá verða síður strax þungar í vöfum og erfiðar í skoðun. Miðað var við 400x300 punkta eða pixels. Í fyrstu var Photoshop notað til að minnka myndir og kennarar voru hrifnir af nokkrum flýtileiðum sem hjálpuðu. Sú fyrst var að þegar búið er að opna mynd í forritinu er hægt að hægrismella á efri rönd gluggans með myndinni og fara bent í image sise. Einnig flýtti fyrir að læra helstu lyklaborðskipanir, til dæmis að ýta á conrol takkann og S til að vista, control og W til að loka en ekki síst að venja sig á að nota enter takkann til að samþykkja glugga.

Síðar lærðist önnur leið, enn fljótlegri en þá er notast við forrit sem heitir Easy Thumbnails sem er forrit sem er dreift ókeypis á netinu á slóðinni: (http://www.fookes.com/ezthumbs/). Á skjáborð tölvunnar var gerð mappa sem fékk nafnið myndir á vef, sú mappa var alltaf tóm en þegar kennari ætlaði að segja myndir á vef þá opnaði hann myndaskoðarann og dró (drag and drop) afrit af réttu myndunum í möppuna. Svo var bara að opna Easy Thumbnails og samþykkja að allar myndir í möppunni yrðu minnkaðar. Síðan var rétta heimasíðan opnuð í Frontpage og myndirnar dregnar á milli möppunnar og síðunnar. Handhægt og þægilegt, sérstakega ef búið er að gera nokkrar hentugar möppur í vefsíðuforritinu til að vista myndirnar í þegar vefurinn er geymdur.

Í byrjun kom nokkrum sinnum til umræðu hvort læsa ætti síðum barnanna sérstaklega, á því þóttu nokkrir annmarkar. Það hefði kannski ekki verið svo flókið að útbúa lykilorð fyrir hvert barn en þá hefðu foreldrar þurft að gefa sérhverjum ættingja og vini lykilorðin og færri komist að en vildu. Reynslan sýndi að fjölskyldur annara barna, önnur börn, kennarar á öðrum deildum og fleiri skoðuðu síðurnar og læsingar hefðu komið í veg fyrir það. Læsingar duga einnig skammt og þeir sem ætla sér framhjá þeim eiga auðvelt með að finna leiðbeiningar á vefnum um hvernig það er gert.

Tillögur voru uppi um að læsa öllum myndum en það er í raun ekki hægt að koma í veg fyrir að myndir séu afritðar af vef þó á þær séu læstar því með tiltölulega einföldum hætti er hægt að afrita allt sem birtist á skjá og læsingar á myndum eru því falskt öryggi.

Tækniþekking og tölvufærni verður aldrei allra og á ekki að verða það. Það á hver að einbeita sér að því sem hann er góður í án þess að hafa minnimáttakennd yfir því sem hann ekki getur. Ein hugmynd við vinnslu Bifrastar gæti verið að hugsa sér verkaskiptingu, sá sem er góður að vefa gerir það, sá sem er duglegur að taka myndir og gera skráningar gerir það og undirbýr þær fyrir birtingu á vef, sá sem er duglegur að taka og klippa myndband gerir það og saman vinna þeir að nokkrum síðum. Einnig gæti samstarfólk létt öðrum störfum af þeim sem vefar en þetta er ein af þeim hugmyndum sem skoða þarf í framtíðinni.

Það þarf líka að hugsa fyrir því hvar og hvernig á að stíga næstu skref við geymslu á síðunum. Á að halda upp á þær, á að tengja inn á þær og hvar á þá að geyma þær, á að flytja þær eða geyma á gömlu deildinni og svona mætti lengi spyrja. Hver sem niðurstaðan verður þarf að muna að vefþjónninn þarf að hafa nægilegt rými og þegar Bifröst er farin að rúlla á fjögurra til fimm ára skammti gætu þyngslin orðið veruleg.

10.2.1. 2 Nokkur góð ráð

Það var oft glatt á hjalla hjá hópnum sem vann Bifröst, stundum upplifðu kennarar sig sem algera aula og stundum voru þeir ósigrandi hetjur, þess þarf vart að geta að það var tæknin sem skammtaði mörgum aulatilfinninguna. En í léttleika tilverunnar setti hópurinn saman lista sem gæti verið hjálplegur þeim sem að síðar feta sömu braut.

- Finndu undo takkann og notaðu hann óspart
- Jafnóðum reglan er í fullu gildi, þá hefst þetta
- Taktu hænuskref, síðurnar vinda ótrúlega upp á sig
- Leyfðu börnunum að fylgjast með þegar síður eru uppfærðar og gefðu þeim færi á að hafa áhrif á það sem á þær fer
- Fjölbreytt hönnun er aukaatriði og alveg ónauðsynleg, hrein tímasóun
- Hafðu gott skipulag á myndamöppum
- Það er í raun nóg að setja inn á síður í lok mánaðar
- Gerðu undirsíður frekar en að hafa of viðamikla síðu
- Utanaðkomandi ritstýring er ónauðsynleg. Teymið kennari - foreldri - barn, er nóg en alltaf er gott að fá auka augu í yfirlestur
- Sendu heim tölvupóst eða láttu foreldra vita þegar síður hafa verið uppfærðar
- Leyfðu börnum sem ekki fá gesti á uppákomudögum að setja inn mynd af sér eða texta sem uppbót

I think I am right to state that we enjoy your homepage more than anyone else - we are living in Germany ! We see our grandson Alexander and his mother Claudia only once to twice a year either in Hamburg, Denmark or some other place. We try to be in Akureryri once a year as well. We appreciated the talk with Arnar before Christmas, who spent quite some time with us to explain the philosophy of education at your Kindergarten. Seeing our pictures on Alexander's home page was a pleasant surprise !Takk fyr meg - the coffee and biscuits were also fine. And we could see with own eyes that Alexander is really feeling comfortable in Thrymheimur together with his companions under the care of Anna Lilja. So, we are your fans who enjoy each foto and study every comment - please carry on with your work ! Best regards from Oemme Christina & Avi Eckhard

10.3 Hvernig gekk að ná fram markmiðum?

Þegar verkefnið var metið á miðju tímabilinu mældist ánægja foreldra mikil, fólk var ánægt með kynninguna og notfærði sér verkefnið.

Í upphafi voru sett fram fjögur markmið og í lok verkefnis svöruðu foreldra því hvort þeim hefði verið náð. Áður hefur verið vikið lítilega að niðurstöðum og í fylgiskjölum má sjá heildarniðurstöður úr öllum könnunum og þar er hægt að skoða þetta betur. Lítum þó ögn betur á þessi atriði en niðurstaða frá foreldrum er sett fram myndrænt í töflum en niðurstaða starfsmanna í texta. Rifjum upp að 39 svöruðu af 49 eða 80 %.

10.3.1 Að efla samstarf við foreldra



Starfsmenn eru á einu máli um að samstarf sé meira, það sé jafnara við alla foreldra og fjölskyldur barnanna komi oftar að máli við þá. Aukin umferð um heimasíður, meiri notkun tölvupóst og gestabóka styður það einnig. Eins og sjá má segja 35 foreldrar að Bifröst efli samstarf mikið eða mjög mikið. Þetta er 90% af þeim sem tóku þátt. Það er mat kennara að það sé vel ásættanleg niðurstaða.

10.3.2 Að auka upplýsingastreymi frá leikskóla til fjölskyldu barnsins



Starfsmenn telja Bifröst auka upplýsingastreymið þó þurfi ekki endilega að fara þessa leið til þess. Hægt væri að ná sama flæði með vönduðum skráningum, fleiri viðtölum, áherslu á foreldraheimsóknir í skólann, skýrslugerðum og fleiru.

Í lok verkefnis segjast 97% foreldra finna að Bifröst auki upplýsingastreymið og er greinanlegt að þeir eru vissari nú en í janúar. Því erum við sannfærð um þetta markmið hafi náðst ásættanlega.

10.3.3 Að gefa foreldrum aukin tækifæri til að fá innsýn í starf barnsins í leikskólanum

Starfsmenn telja að það sé foreldranna að svara þessu enda standi þeir fyrir utan og þurfi gluggann inn. Þegar svör foreldra eru skoðuð má sjá að þeir eu mun vissari um nytsemina í lok verkefnis en þeir voru í janúar. Allir þeir foreldrar sem svöruðu í maí eru sammála um að það auki innsýn þeira í skólastarfið og það sem meira er að tæp 70% segja verkefnið gefa mjög aukna innsýn. Ríflega 31% notaði svarmöguleikann mikið. Það er því augljóst að foreldrar hafa upplifað verkefnið sem glugga inn í skólann og því betur sem á verkefnið leið.
Að efla áherslu á sterkar hliðar barnsins og jákvæða þætti.



Starfsmenn hafa upplifað þetta sterkt, þeir hafa séð hliðar á börnum sem hefði tekið þá lengri tíma ef ekki hefði verið fyrir Bifröst.

33 foreldrar segjast greina þetta í gegnum verkefnið eða 85%. 4 telja (10 %) að minna sé um það. 5 % svara ekki

10.3.4 Að gefa kennurum og foreldrum nýja möguleika á samskiptum og samvinnu, með því að skapa foreldrum auknar forsendur og umræðuvettvang um leikskólastarfið

Kennarar eru sannfærðir um að þetta markmið hafi náðst, þó erfitt sé að henda reiður á nákvæmum niðurstöðum hafa þeir tilfinningu fyrir að foreldrar hafa mun meira samband en áður, spjalla meira og hrósa svo fátt eitt sé nefnt. Foreldrar 37 barna (95%) eru sammála þessu. Þar af segja 14 (36%) verkefnið muni mjög miklu og 23 (60%) að það muni miklu, samtals 96%. 2 foreldrar vilja meina að verkefnið hafi litlu skilað hvað þetta varðar.

11. kafli. Lokaorð

Þróunarverkefnið Bifröst tók yfir eitt skólaár, það hófst í ágúst 2004 og lauk í júní 2005. Þegar litið er til baka kemur margt upp í hugann. Farið var af stað af miklum metnaði og viljinn til að gera vel og standa sig hafði óneitanlega í för með sér streitu og áhyggjur af tímaleysi. Tæknin átti það til að stríða þátttakendum og á fyrstu tveimur mánuðunum þegar álagið var sem mest gátu smámunir sett okkur út af laginu um stund. Síðar þegar verkefnið var komið í jafnvægi skipti minna máli þó eitthvað bæri út af. Eftir áramótin var fólk orðið rólegt og vissi að verkefnið væri vel viðráðanlegt þrátt fyrir lífsins ólgusjó og eftir það varð vinnan mun skemmtilegri og léttari. Það hefur sýnt sig að óróinn í upphafi var ónauðsynlegur, pilsaþytur kallar karlinn í hópnum það og vísast að hann hafi haft rétt fyrir sér því Bifröst óx og dafnaði. Flýtileiðir og gott skipulag fleyttu okkur langt og við lærðum að 15 mínúturnar hér og þar gátu verið býsna drjúgar og tími sem ekki mátti vanmeta eða vannýta. Bifröst er verkefni sem gaf þátttakendum mikið, hvort sem um ræðir starfsmenn, börn eða foreldra. Við fengum mikil og góð viðbrögð, í gegnum dagbækur á netinu, í tölvupósti eða í spjalli á daglegu róli.

Eftir á að hyggja er hægt að hugsa sér að sumt hefði mátt gera öðruvísi. Það hefðir verið forvitnilegt að spyrja foreldra í hinum deildunum hvort þeir skoðuðu Bifröst og hvernig þeim litist á. Gott hefði verið að kanna hug annarra starfsmanna í húsinu og ekki hvað síst hefði mátt skoða betur hvað börnin höfðu um Bifröst að segja. Verkfnið skilaði Iðavelli miklu og ekkert sem segir að það gæti ekki nýst öðrum skólum, hvort sem er grunnskólum eða framhaldsskólum. Bifröst þróaðist í takt við skólanámskrá Iðavallar og áherslur þar og því mætti hugsa sér að aðrir skólar sem vildu vinna slíkt verkefni veldu sér aðrar leiðir og aðrar áherslur.

Framkvæmdaáætlun stóðst með ágætum þó hliðra þyrfti til hér og þar, frá því er greint annarstaðar. Sú ákvörðun að láta skýrsluna verða til jafnóðum var gæfuspor, þannig tolldu inni allt til enda smáatriði og vandræðagangur sem annar hefði verið auðvelt að gleyma eða líta framhjá þegar betur fór að ganga. Frá upphafi átti verkefnið að eiga sér heimasíðu og það er aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Kostnaðaráætlun stóðst en styrkurinn var notaður til fundahalda, samráðs og skýrslugerðar þó megnið hafi farið í að gefa kennurum svigrúm til að vinna verkið.

Í lok verkefnisins fóru kennarar að velta því fyrir sér hvaða áhrif Bifröst hafi haft á starfið í skólanum í framtíðnni. Bifröst hefur skilið eftir tækni- og verkþekkingu sem ekki glatast en hvort verkefnið heldur áfram óbreytt er óvíst. Áhuginn er einnig fyrir hendi en það skiptir máli hve margir á hverri deild búa yfir nægri tækniþekkingu og/eða áhuga til að bera verkefnið áfram. Það er styrkur verkefnisins hve það er nátengd skólanámskrá og vinnubrögðum í skólanum og öruggt að Bifröst lifir áfram með einhverjum hætti. Kannski verða síður barnanna bara á eldri deildunum tveimur, kannski verða þær mun efnisminni en núna en það verður ekki aftur snúið og líklegast er að þegar haustar verði á öllum deildum farið að gera síður fyrir öll börnin í skólanum. Hversvegna? Jú, verkefnið sýndi að Bifröst ER brú milli heima

Bifröst er nafn úr goðafræðinni og er heitið á regnbogabrúnni sem tengir Ásgarð og Miðgarð, þangað er heiti verkefnisins sótt. Heitið vísar til brúar á milli tveggja heima. Bifröst - Brú milli heima

Heimildir

Vefslóð: http://www.idavollur.akureyri.is/ Heimasíða leikskólans Iðavallar, þar má finna tengla inn á aðrar heimildir notaðar í skýrslunni:

Urður, námskrá Iðavallar

Verðandi, handbók Iðavallar

Easy Thumbnails. Vefslóð: http://www.fookes.com/ezthumbs/

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Bréf til foreldra að hausti

Þróunarverkefnið Bifröst

Í fyrra gerðu kennarar á Jötunheimi tilraun með að vera með heimasíðu fyrir hvert barn á deildinni. Á þessum síðum var sagt frá barninu og hvað það var að bardúsa. Þar voru myndir og sérstakar stundir sem kennarar urðu vitni að. Ákveðið var að sækja um Þróunarstyrk frá Menntamálaráðuneytinu til að útfæra þessa hugmynd og styrkurinn fékkst. Verkefninu er ætlað að efla tengsl við foreldra barnanna og verður í upphafi unnið á tveimur deildum leikskólans. Settur verður upp vefur fyrir hvert barn á Jötunheimi og Þrymheimi (u.þ.b. 50 vefir). Þeir verða staðsettir sem undirvefir á heimasíðum deildanna. Leikskólinn hefur undanfarin 6 ár unnið að þróunarstarfi með tölvur og tækni, því liggja fyrir leyfi allra foreldra til að birta myndir og skráningar á vef.

Sérhver vefur mun innihalda óformlegar upplýsingar um barn og gefa svigrúm til að setja fram myndir úr lífi og leik, texta svo sem gullkorn, frásagnir, viðtöl eða sögur ofl. Kveikjan að verkefninu er áhugi kennara á að koma litlu andartökunum sem þeir verða gjarnan vitni að til foreldra. Hversdaglsegum atvikum sem þeir telja að hafi hingað til ekki endilega skilað sér nægilega vel heim. Í skólabyrjun þarf að útbúa vefi fyrir sérhvert barn á deildunum tveimur og uppfæra þá reglulega. Að vori munu vefir verða vistaðir á diska barnanna til eignar. Vefirnir gefa kennurum og foreldrum tækifæri til að velja sér þann tíma sem hentar hvorum um sig til að vinna/skoða þá, auk þess sem þeir geta haldið utan um skráningar, verkefni og feril barnsins.

Flestir foreldrar hafa aðgang að tölvu heima fyrir eða í vinnu en fyrir aðra er nettengd tölva í miðrými skólans þar sem þeir geta skoðað vefina.

Hvernig stendur verkið?

Í ágústbyrjun var tilbúinn grunnur að síðum barna á Jötunheimi en að auki síður fyrir hvern kennara þar sem hann gæti kynnt sig stuttlega og sagt frá því sem hann tæki sér fyrir hendur um veturinn með börnunum, bæði sínum börnum og öðrum. Þessi viðbót varð til næstum óvart. Þegar kennarar á Jötunheimi ræddu um hvernig og hvar síðurnar væru best geymdar ákváðu þeir

að hafa þær á forsíðu deildarinnar svo áhugasamir þyrftu ekki að grafa sig inn í vefinn til að finna þær. Í framhaldi af því ákváðu þeir að setja á forsíðuna mynd af hverju barni og láta myndina vera tengil inn á viðkomandi síðu. Þannig gætu ólæs börn (og ekki síður útlendingar) fundið síðu barnsins auðveldlega. Sama ástæða lá að baki því að myndir af kennurum væru tenglar inn á síður um vinnuna þeirra (hópastarf, verkefni ofl.) Á Þrymheimi er verið að setja upp vefi þessa dagana, taka myndir og móta hugmyndir.

Markmiðin

Að efla samstarfið við foreldra og heimili barnanna. Að auka upplýsingastreymi frá leikskóla til fjölskyldu barnsins. Að gefa foreldrum aukin tækifæri til að fá innsýn í starf barnsins í leikskólanum. Að efla áherslu á sterkar hliðar barnsins og jákvæða þætti. Að gefa kennurum og foreldrum nýja möguleika á samskiptum, umræðum og samvinnu, með því að skapa foreldrum auknar forsendur og umræðuvettvang um leikskólastarfið

Hlutverk foreldra

Hlutverk foreldra í verkefninu er stórt. Hið fyrsta snýst um að gefa samþykki fyrir verkefninu (eða ekki). Foreldrar eru ritstjórar á síðum barna sinna. Þeir þurfa að skoða síðuna reglulega. Þeir þurfa að segja álit sitt og skoðun, hrósa og benda á það sem betur má fara. Þetta snýst bæði um það sem vekur lukku og foreldrar eru ánægðir með en eiginlega enn frekar ef eitthvað er á síðunum sem forelrar eru ekki sáttir við eða þeim finnst að betur megi fara. Þannig eru foreldrar ritstjórar á síðunum. Foreldrar þurfa að segja kennurum hvernig barnið upplifir síðuna sína, hvernig fjölskyldan notar hana og láta þá vita af umræðum í kringum hana. Foreldrar taka þátt í mati á verkefninu tvisvar á vetrinum og þá skiptir miklu að allir séu með. Síðurnar eru á ábyrgð þess kennara sem hefur barnið í hóp, er með því í matartímum og þekkir það sennilega hvað best. Á Jötunheimi vinna Lísa, Ósk og Greta að verkefninu en Arnar, Gugga og Anna Lilja á Þrymheimi

Við hlökkum til samstarfsins og vonum að ykkur lítist vel á, bestu kveðjur Lísa

Má þitt barn vera með í Bifröst– brú milli heima? Láttu okkur þá vita

Fylgiskjal 2 Mat foreldra í janúar - Niðurstöður

1. Hefur skoðun þín á Bifröst breyst frá því þú heyrðir af verkefninu fyrst?

26 sögðu skoðun sína ekki hafa breyst

10 sögðu skoðun sína hafa breyst til hins betra

2 segjast hafa átt von á meiru

4 lýsa ánægju

1 svara ekki

2. Hvernig var staðið að kynningu á verkefninu?

38 fannst nægilega vel staðið að kynningu

1 verkefnið segir sig sjálft

3 svara ekki

2 nýttu sér ekki kynningar

1 ítarlegri kynning hefði mátt fara fram

Athugasemdir: Vel fylgt eftir. En lítið síðan

3. Hve ánægð ertu með Bifröst?

Foreldrar

40 lýsa ánægju sinni (þar af 26: mjög ánægð eða frábærlega)

1 Ánægð með verkefnið en hafa minnkað að skoða vegna lítillar endurnýjunar

1 hef litla skoðun

Athugasemdir: ef hópstjórinn stæði sig betur væri hún mjög góð,
hefur komið á óvart

Barnið

31 ánægð (þar af 15 mjög ánægð, frábærlega)

1 mikill áhugi í byrjun (lítil hreyfing á síðunni)

3 Barnið talar lítið sem ekkert um síðuna eða er feimið

8 svara ekki

Aðrir ættingjar

27 ánægð (þar af 14 mjög ánægð, frábærlega, virkilega njóta)

2 veit ekki

1 hafa ekki skoðun

10 svara ekki

4. Talar barnið um Bifröst?

10 mikið

7 stundum (1 engin tölva heima)

23 Lítið/ekki

2 vill skoða

2 svara ekki/annað

5. Hvaða gagn gerir Bifröst?

Gefur foreldrum glugga inn í skólann og tengir skóla og heimili (22)

Gefur umræðugrundvöll heima (8)

Eykur upplýsingaflæðið (4)

Eflir samskipti (einnig við fjarverandi foreldra, ættingja) (7)

Gerir börnin tölvufærari/þau sjá nýjar leiðir (2)

Annað: heilmikið, frábært verkefni

6. Hve oft skoðar fjölskyldan Bifröst?

21: daglega til vikulega

14: 1-3 í mánuði

7 sjaldan/of sjaldan

1 annað

Hvaða síður: Mest eigin síðu en líka annarra barna. Hópastarfssíður. Allar þ.m.t. gullkorn, ferðir, um starfið

Hólavatnssíðuna. Matseðla.

7. Veistu meira um barnið þitt í skólanum nú en áður?

26 já

12 nei (fæ upplýsingar í skólanum, stórfjölskyldan græðir meira, þetta er viðbót, aðallega gaman)

5 nei og já (betra með að tala við barnið um leikskólanum, meiri almennar upplýsingar)

1 veit ekki

Athugasemdir: Flestir nefna að þeir viti meira um barnið félagslega. Margir nefna að þeir viti meira um virkni barnsins

Sumir nefna að þeir viti meira um vinnu/starf í leikskóla

8. Hefur Bifröst aukið samvinnu, samskipti, spjall, umræðu við starfsfólk?

16 Já

17 Nei ... gott samstarf fyrir, sé meira af ferðum o.fl. á ábyrgð foreldra ef þetta bregst

2 Ekki endilega ... á gott samstarf fyrir

2 Veit ekki

4 Svara ekki

4 Svara öðru

Athugasemdir: Manni finnst maður bara þekkja starfsfólkið betur, það sem er að gerast kemur í umræðu, í leikskólanum hef ég fengið hjálp við að komast á síðuna

9. Eiga leikskólar að hafa síður eins og Bifröst bíður upp á?

3 bæði og (með samþykki foreldra, ef það rúmast innan almenns skólastarfs, ef starfsmenn hafa tíma)

42 já (hiklaust, engin spurning, endilega, nauðsynlega, tvímælalaust, af hverju ekki, sniðugt, ef vel er að þeim staðið, þau hafa gott af að kynnst tölvu, nútímalegt, mæli með því, börn eru mikið frá foreldrum og þetta gefur foreldrum tækifæri til að fylgjast með)

10. Hefur þú tillögur, hugmyndir?

10 vildu koma á framfæri tillögum:

Bara haldið áfram þessu góða starfi er alltaf að lítast betur á þetta og þetta er spennandi fyrir börnin.

Þið mættuð samt reyna að ná meira sambandi inn á heimilð

Mætti jafnvel gefa fólkinu heima tækifæri á að taka þátt í verkefnum með hlekk eða svæði til að skrifa á eða setja myndir

Mér þætti gott að fá tölvupóst frá leikskólanum. Sérstaklega þegar eitthvað stendur til en það mætti líka láta vita af uppfærslum

3 nefndu að uppfæra mætti oftar

Já. mér finnst allt bara gott og gengur vel, mjög gott, fín eins og hún er

Myndir segja meira en mörg orð en annars er allt frábært sem þar er

Ég vona að þetta sé komið til að vera og muni þróast eitthvað á komandi árum

Sniðugt væri að ætla sér ákveðin tíma t.d. 1x í viku eða aðra hvora viku til að uppfæra
Starfsfólkið hér hlýtur að vera betur til þess fallið að finna upp á einhverju skemmtilegu á leikskólanum og ég held bara áfram að vera skemmtileg með börnunum heima

11. Viltu koma skilaboðum á framfæri til kennara?

29 foreldrar vildu koma á framfæri skilaboðum:

Ég hef setið fyrirlestur um Bifröst og samstarf heimilis og skóla. Ég sat allan tímann og vissi varla hvað var verið að tala um í sambandi við samstarfið. Mér finnst afskaplega lítið samstarf á milli skólans og heimilis. en það er samt gott ef maður lætur vita að það þurfi að vera samstarf

Í sonar míns hóp er svo til ekkert um texta og lítið sem engin hreyfing á myndum

Uppfærslur mættu vera mun tíðari sérstaklega gaman að sjá myndir af starfinu

Nei, ekki nema frábært starf

Já, endilega haldið Bifröst virkri

Þið eruð frábær haldið áfram á þessari braut

Góð vinna ekki hætta þessu

Þið eruð öll frábær

Frábært hjá ykkur, haldið áfram á þessari braut

Þetta verkefni er alveg frábært hjá ykkur þið eigið hrós skilið

Að halda áfram, þetta er gott starf

Er ánægður með síðuna, takk fyrir

Frábært verk > áfram á þessari braut

Halda áfram þetta er frábært

Mér finnst þetta alveg frábært. Þið standið ykkur mjög vel í að uppfæra síðurnar, betur en ég bjóst við í byrjun. Mér finnst mjög gaman að sjá hvernig síðan byrjar strax á góðri lýsingu á barninu – hrósyrðum og jákvæðni

Kærar þakkir fyrir okkur

Gott verkefni og vona það haldi áfram og þróist

Haldið áfram góðu starfi

Finnst þið vera að gera mjög góða hluti

Þrátt fyrir smá gagnrýni hér að ofan finnst mér verkefnið sem slíkt alveg frábært og nauðsynlegur þáttur í foreldrasamstarfi

Já bara þakklæti fyrir allt

Já frábær vinna og gott verkefni

Bestu þakkir fyrir vel unnin störf það heyrist alveg heima að minn er mjög ánægður með ykkur

Það er allt fínt, endilega haldið þið áfram

Mjög góðar siður sem þið hafið gert haldið áfram að bæta þær

Mjög gott að vinna þetta svona, vonandi verður það ykkur eðlilegt að skrifa inn á síðurnar og uppfæra þær reglulega haldið endilega áfram með gott starf

Frábært starf hjá ykkur, æðisleg hugmynd og endilega haldið áfram með þetta

Þið eruð frábær, haldið áfram á þessari braut

Já endilega haldi Bifröst virku

Fylgiskjal 3 Bréf til foreldra sem undanfari mats í janúar

Sælir kæru foreldrar:_____

Nú hefur þróunarverkefnið Bifröst verið í gangi hálfan veturinn og tími komin til að meta hvernig ykkur lýst á vinnuna hingað til. Á mánudag og þriðjudag biðjum við alla foreldra á Jötunheimi og Þrymheimi að gefa sér tíma til að staldra við í 10-15 mínútur og svara örfáum spurningum um verkefnið. Blöðin með spurningunum fáið þið hjá kennurum og svo er hægt að setjast niður í salnum, kíkja á síðurnar eða fá sér kaffi og svara svo spurningunum. Við biðjum ykkur um að fara ekki með blöðin heim heldur svara þeim hér.

Það er okkur mjög mikilvægt að allir svari og því biðjum við þig vinsamlegast að gera okkur þennan greiða.

Í dag, fimmtudag höfum við verið að skoða síðurnar með krökkunum, rifja upp og sjá hvað þau hafa verið að gera í vetur. Það gæti hjálpað ykkur við að svara spurningalistanum að vera búin að kíkja á síðurnar fyrirfram, kannski með barninu. Ef þið hafið ekki netaðgang heima eða kjósið frekar að skoða síðurnar hér er það auðvitað sjálfsagt mál og í salnum er tölva sem ætluð er einmitt til þess og á morgun föstudag, verður hún frátekin fyrir ykkur ef þið viljið kíkja á Bifröst.

Á heimasíðu skólans: http://idavollur.akureyri.is/ er blár tengill inn á síðu Jötunheims og grænn tengill inn á síðu Þrymheims. Þar finnið þið myndir af börnunum og þegar smellt er á mynd komist þið beint inn á síðu barnsins. Myndir af kennurum eru einnig tenglar inn á síður með upplýsingum um hópastarf og fleira.
Sjáumst á mánudag og þriðjudag, til í slaginn við að svara könnun um Bifröst.

Bestu kveðjur og þakkir fyrir samstarfið og hjálpina
Anna Kristín, Anna Lilja, Arnar, Gugga, Greta, Lísa og Ósk

Fylgiskjal 4 Mat starfsmanna í janúar - Eyðublað

Nú er vinnan við Bifröst hálfnuð og rétt að líta aðeins um öxl, ég ætla að biðja þig að svara nokkrum spurningum og skila fyrir vikulokin. Hikaðu ekki við að nota bakhlið blaðsins ef þarf. Takk fyrir, Lísa

Hver hafa viðbrögð foreldra (fjölskyldna) verið við Bifröst?

Hvað finnst þér um viðbrögð foreldra?

Finnst þér þú fá nægan stuðning innan skólans (ef ekki hvað mætti betur fara)?

Hvað er auðveldast við vinnuna við Bifröst?

Hvað er erfiðast við vinnuna við Bifröst?

Hvað er skemmtilegast við vinnuna við Bifröst?

Hvað er leiðinlegast við vinnuna við Bifröst?

Hvaða kostir eru helstir fyrir þig persónulega við að vera á kafi í þróunarverkefni?

Hvaða gallar eru helstir fyrir þig persónulega við að vera á kafi í þróunarverkefni?

Hver eru næstu skrefin í Bifröst að þínu mati?

Annað sem þú vilt að komi fram:

Fylgiskjal 5 Mat foreldra í lok verkefnis - Niðurstöður

Bifröst eflir samstarf við foreldra

Mjög mikið 19

Mikið 16

Lítið 2

Mjög lítið 1

1 svara ekki

Bifröst eflir upplýsingastreymi frá leikskóla til fjölskyldu barnsins

Mjög mikið 22

Mikið 16

Lítið 1

Mjög lítið 0

Bifröst gefur foreldrum aukin tækifæri til að fá innsýn í starf barnsins í leikskólanum

Mjög mikið 27

Mikið 12

Lítið 0

Mjög lítið 0

Bifröst eflir áherslu á sterkar hliðar barnsins og jákvæða þætti

Mjög mikið 19

Mikið 14

Lítið 3

Mjög lítið 1

2 svara ekki

Bifröst gefur kennurum og foreldrum nýja möguleika í samskiptum, umræðum og samvinnu með því að skapa foreldrum auknar forsendur og umræðuvettvang um leikskólastarfið

Mjög mikið 14

Mikið 23

Lítið	2
Mjög lítið	0

Hvað finnst þér um Bifröst?

36 svara jákvætt

Athugasemdir:

Frábært framtak

Nú orðið ómissandi á heimilinu og fyrir alla í fjölskyldunni, frábært. Gefur manni betri innsýn í leikskólastarfið

Þetta er frábær leið til að foreldrar fái góða innsýn í starf barnsins í leikskólanum. Þetta er flottasta heimasíðan

Frábært

Skemmtilegar upplýsingar um starf leikskólans. Gaman að geta fylgst með heima

Frábært

Mjög sátt og líkar þetta vel

Mjög gott

Hef gaman af Bifröst

Frábært

Frábært framtak

Finnst það í alla staði mjög gott, gaman að geta skoðað hana.

OK

Skemmtileg nýjung sem þarf að virkja betur

Gefur meiri innsýn í starfið og fjölgar fjölskyldustundunum þar sem allir sitja saman heima og skoða í tölvunni

Okkur finnst hún mjög góð

Fínt

Frábært verkefni, fleiri aðilar fá að geta fylgst með (afi, amma og fl.)

Frábært framtak, æðislegt að sjá hvað er gaman í skólanum. Amma og afi og pabbi eru líka mjög glöð að geta fylgst með. Halda áfram með gott starfi

Ég er mjög ánægð með það

Frábært verkefni, syni mínum finnst þetta frábært, spjallar mikið um þetta

Mjög sniðugt, ættingjar úti á landi geta líka fylgst með barninu

Er ánægt með Bifröst

Frábært

Mjög gott fyrir foreldra

Mjög fínt

Gott

Það fer eftir hver er með barnið í hóp, ef það er góður hópstjóri er þetta mjög gott en það virðist vera sem sumir hafi ekki áhuga innan leikskólans

Hún er fín

Fínt samskiptatæki

Mjög skemmtileg fyrir foreldra, barn, systkini og ömmur og afa ofl. sem etv. búa ekki á sama stað og barnið

Mjög jákvætt, skemmtilegt að fara inn á síðuna en það geri ég mjög oft

Frábært verkefni sem gaman væri að sjá fyrir allan leikskólann

Mjög ánægður

Sniðugt fyrir börnin að geta skoðað starfið í tölvunni

Maður verður lítið var við þetta nema að maður sé að skoða vefsíðuna. Skil ekki af hverju foreldrum er ekki sent efni í tölvupósti t.d fréttir og þeir spurðir um eitthvað sem þátttakendur í ákvarðanatöku. Ég hef margoft verið spurður um Bifröst en aldrei um álit mitt á hinu eða þessu starfi skólans.

Enga skoðun á henni

Allt gott um það að segja

Hefur þú fundið fyrir að vinnan við Bifröst hafi verið á kostnað annarra þátta? (og þá hverra)

6 svara ekki, allir aðrir segja nei eða 33

Athugasemdir:

..., alls ekki

..., það held ég ekki

ekkert nema gott að segja um uppfærslur og tíma fyrir síðuna

...þið eruð fullkomin

Fylgiskjal 6 Mat foreldra á tilraun veturinn 2003-2004

Hvað fannst þér um að barnið þitt hafði eigin heimasíðu? (Hvað á að vera á slíkri síðu og hvaða not eru af henni)

Frábært framtak. Bara allar góðar stundir hjá barninu og sérstakir sigrar þeirra í starfi og leik. Eintóm ánægja að geta fylgst með barninu sínu

Mér fannst það skemmtilegt, veit ekki hvað ætti að vera þar

Eins og hún lítur út núna er hún frábær en til að byrja með var ég vonsvikin því það kom lítið á hana - það mætti bæta við teikningum eftir barnið og seinna smá video viðtali á mismunandi þroskaskeiðum sem yrði svo sett á disk og gæti verið útskriftargjöf eða jólagjöf.

Við erum lítið búin að nota heimasíðu barnsins

Afar gaman að geta fylgst með því hvað hún hefur verið að gera og einnig hvað til eru margar myndir af henni þar sem maður sér í hverju hún hefur tekið þátt. Skemmtilegt fyrir framtíðina, einnig að eiga gullkorn frá þeim. Ómetanlegt að fá allar þessar myndir.

Fínt, var efins fyrst en líst vel á þetta núna

Skemmtilegt framtak, myndir, skemmtilegar sögur af barningu og eitthvað sem barnið vill koma á framfæri

Á henni geta ættingjar fylgst með störfum barnsins, afar og ömmur langt í burtu.

Gott mál, t.d. hvað hún hefur verið að gera á daginn eða heildina yfir vikuna hvað hefur barnið lært, gott að fylgjast með

Frábært að geta fylgst svona vel með barninu og hvað það aðhefst í leikskólanum

Fylgiskjal 7 Sýnishorn af forsíðu Jötunheims

Í vetur verður þróunarverkefnið Bifröst- brú milli heima, unnið á Þrymheimi og Jötunheimi og felst það í að halda úti heimasíðu fyrir hvert barn. Hér fyrir neðan finnur þú myndir af börnum og kennurum og hver mynd er um leið tengill inn á síðu viðkomandi. Upplýsingar um Bifröst eru hér. Hópnum er skipt í þrennt og hver kennari sér um einn hóp. Á síðum kennara eru upplýsingar um þá sjálfa og verkefnin þeirra en einnig um hópastarf og ýmislegt sem börnin gera saman.

This coming winter 2004-2005 the two oldest classes, Jötunheimur and Þrymheimur, will be working on a new project called Bifröst-Bridge between worlds. That means that every child has its own webpage. Below you will find photos of the children and the teachers and each photo is a link to individual webpage's. More information's about Bifröst can be found here. The class is divided into three smaller groups and each teacher is responsible for one group. The teachers have their own webpage's and there they publish information's about them self's and their projects but also about group work and the activities of the children's group.

Aðalheiður	Agnethe Sóldögg	Alex Daði	Arndís	Auðunn Orri
Birkir Már	Eiríkur	Elísabet Ingibjörg	Guðjón Oddur	Guðrún Borghildur
Heiðrún Ásta	Helena Ósk	Hrafnhildur Eva	Indíra	Kristófer Snær
Ólafur	Ragnheiður Rós	Sigurður Freyr	Stefán Atli	Tinna Rut

Fylgiskjal 8 Sýnishorn af síðu barns

Þetta er síða Guðrúnar Borghildar. Hún byrjaði á Jötunheimi 1. júní 2004 og kom ögn feimin í stóragengið. Fyrsta daginn lærði hún að hella sjálf í glasið sitt, bæði úr fernu en líka úr könnu og það er erfiðara. Eftir fyrstu vikuna býðst hún oft til að sækja vatn í könnuna fyrir okkur á matarborðinu og ég er því fegin. Það er gott að fá litla duglega og hjálpsama stelpu í hópinn. Velkomin til okkar Guðrún Borghildur.

Guðrúnu er að aukast sjálfstraust og henni gengur vel í leikskólastarfinu. Hún hefur eignast góða vinkonu og þær Indíra eru oftast eitthvað að bralla saman. Þegar ég er úti heyri ég stunum kallað hátt: Lísa! og þegar ég lít upp sé ég sólskinsbrosið hennar Guðrúnar og einhverstaðar rétt hjá er Indíra. Svo heldur hún áfram að leika sér.

Maí

Jæja Guðrún Borghildur, nú er komin tími til að kveðja. Það hefur verið gaman að sjá þig breytast og þroskast í vetur. Þú ert svo miklu duglegri og kannt svo margt. Takk kærlega fyrir samveruna og bjarta framtíð, ég veit ekki alveg hver á nú að sendast fyrir mig næsta vetur eða hjálpa mér að hugsa um að öllum líði vel í hópnum mínum.

Apríl

Mars

Í lífi og leik með Guðrúnu

Með ís í afmælisveislu ... að föndra ... á dótadegi með Hrafnhildi og Indíru

Að teikna en það finnst henni gaman ... með bláa og bleika mjólk á rugludegi

Í söngstund og í hópastarfi

Febrúar

Dagpartur í leikskólanum

Guðrún mætir gjarnan beint í morgunverðinn og fær sér að borða. hún bjargar sér sjálf og gengur frá. Í dag er bolludagur svo klukkan 9 setjast allir saman og fá sér bollur og spjalla. Eftir það fer Guðrún inn í innraherbergið og leikur sér með sjúkradótið

Guðrún fer svo að föndra og kíkir að lokum á Indíru og Hrafnhildi. Svo fer hún í hlutverkaleik og þarna er þessi fína bífluga á spariskóm.

Janúar 2005

Guðrún er dugleg að leika sér og oft er hún með Indíru vinkonu sinni. Þær eru báðar rólegar og hæglátar stelpuskottur. Guðrún kann og getur margt og mikið. Hún er líka oft fyndin og glottir þá skemmtilega svo segir hún brandara með sama svip og hinir fara að hlæja

Desember:
Bakað með Indíru og svo átti stelpan fimm ára afmæli...síðust af öllum á deildinni.

Um daginn var Guðrún var að tala um jólasveinana og kallaði hurðaskelli skellihurð

Á fullu úti í snjónum. Guðrún er dugleg og hjálpsöm. Oft er hún afskaplega róleg og þá fer lítið fyrir henni en hún hefur samt ákveðnar skoðanir og stendur fast á sínu þegar við á